



Reykjavík er okkar

Starfsáætlun 2018



Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

Starfsáætlun Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar 2018

Forsíða: Barnamenningarhátíð. 2017. Söngvari Emmsjé Gauti. Ljósmyndari Ragnar Th. Sigurðsson

Ábyrgðarmaður: Arna Schram

Ritstjórn: Signý Pálsdóttir

Umbrot: Ástríður Höskuldsdóttir


ISSN 2298-4895

Útgefið janúar 2018

Menningar- og ferðamálasvið	2
Skipurit Menningar- og ferðamálasviðs	2
Hlutverk Menningar- og ferðamálasviðs. Menningarstefna og ferðamálastefna.	3
Reykjavík er okkar. Megináherslur, forsendur og fjárhagsleg greining	4
Viðburðadagatal hátíða á vegum Reykjavíkurborgar	9
Ferðaþjónusta	10
Rekstur og mannauðsmál	14
Fjárhagsáætlun 2018	16
Stefnukort	18
Skorkort	20
Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO	22
Helstu verkefni 2018	23
Viðburðadagatal og lykiltölur.....	24
Unesco Creative Cities Network.....	25
Stofnanir sviðsins	26
Borgarbókasafn Reykjavíkur	26
Helstu verkefni 2018	29
Viðburðadagatal	31
Safnfræðsla	32
Lykiltölur	33
Borgarsögusafn Reykjavíkur	34
Helstu verkefni 2018	37
Sýningar og Viðburðadagatal	41
Safnfræðsla	42
Lykiltölur	43
Höfuðborgarstofa	44
Helstu verkefni 2018	47
Lykiltölur	51
Listasafn Reykjavíkur	52
Helstu verkefni 2018	55
Viðburðadagatal og Safnfræðsla	57
Sýningar	58
Lykiltölur	60

MENNINGAR- OG FERÐAMÁLASVIÐ

SKIPURIT



MENNINGAR- OG FERÐAMÁLARÁÐ janúar 2018

Kjörnir:

Elsa Hrafnhildur Yeoman, formaður - Æ
Þórgnýr Thoroddsen - Þ
Margrét Norðdahl - S
Stefán Benediktsson - S
Börkur Gunnarsson - D
Marta Guðjónsdóttir - D
Þorgerður Agla Magnúsdóttir - V
Áheyrnarfulltrúar Framsóknar og flugvallavina:
Magnús Arnar Sigurðsson - B
Áheyrnarfulltrúar Bandalags Íslenskra listamanna:
Kolbrún Halldórsdóttir
Jóna Hlíf Halldórsdóttir
Fulltrúar Samtaka ferðaþjónustunnar:
Rannveig Grétarsdóttir

Til vara:

Kristján Freyr Halldórsson - Æ
Arnaldur Sigurðarson - Þ
Eva Indriðadóttir - S
Björn Gíslason - D
Herdís Anna Þorvaldsdóttir - D
Aron Leví Beck - S
Gunnar Helgi Guðjónsson - V

Bergþór Smári Pálmsen Sighvats- B

Birna Hafstein
Bragi Valdimar Skúlason

Þórir Garðarsson

S: Samfylkingin. D: Sjálfstæðisflokkurinn. Æ: Björt framtíð. B: Framsókn og flugvallarvinir
V: Vinstrihreyfingin - grænt framboð. Þ: Píratar.



Hlutverk Menningar- og ferðamálasviðs

Hlutverk sviðsins er að fara með framkvæmd menningar- og ferðamála hjá Reykjavíkurborg. Það hefur yfirumsjón með starfsemi Borgarbókasafns Reykjavíkur, Borgarsögusafns Reykjavíkur, Höfuðborgarstofu, Listasafns Reykjavíkur og Reykjavík—Bókmenntaborgar UNESCO. Þverfaglegt starf um barnamenningu og sérverkefni eins og Viðburðadeild, Tónlistarborgin Reykjavík, Safnabúðir og menningarkort eru einnig vistuð á skrifstofu sviðsins. Stofnanirnar starfa samkvæmt samþykktum Reykjavíkurborgar og lögum og reglugerðum. Sviðið hefur jafnframt, fyrir hönd Reykjavíkurborgar, umsjón með málefnum Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu, Listahátíðar í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveitar Íslands fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Menningar- og ferðamálasvið sér um samninga, styrki og samskipti við lista- og menningarlífið og er borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyrar.

Menningarstefna

Menning er mannréttindi

er yfirskrift menningarstefnu Reykjavíkurborgar. Aðgerðaráætlun sem er fylgiskjal stefnunnar er uppfærð árlega í samræmi við samþykktu stefnumörkun og fjárhagsáætlun borgarinnar, en stefnan sjálf gildir frá árinu 2014-2020.

Leiðarljós menningarstefnu

„Reykjavík gegnir menningarlegu forystuhlutverki. Sjálfsmynd borgarinnar byggir á skapandi hugsun, frumkvæði og menningararfi í samspili við alþjóðlegar stefnur og strauma. Menningarlífið einkennist af metnaði, fjölbreytni, samvinnu og virkri þátttöku íbúa og gesta.“

Átján markmið stefnunnar tengjast málaflokkum undir kaflaheitunum:

- **Auðlind**
- **Börn og menningaruppeldi**
- **Menningarstofnanir Reykjavíkurborgar**
- **Listir**
- **Aðgengi og þátttaka**
- **Umhverfi og saga**
- **Alþjóðleg menningarborg**
- **Menning í stafrænum miðlum**
- **Þáttur menningar í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar**

Ferðamálastefna

Styrkar stoðir

er yfirsögn ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar 2011-2020. Stoðirnar eru:

- **Menningarborg**
- **Heilsuborg**
- **Ráðstefnuborg**
- **Vetrarborg**

Þær undirstrika annars vegar styrkleika Reykjavíkur, svo sem á sviði menningar, nábylis við náttúru og tækifæra í heilsutengdri ferðaþjónustu og hins vegar þá þætti sem þarf að efla og styðja með auknum áherslum og kraftmeiri aðgerðum. Ný aðgerðaáætlun felur í sér áherslubreytingar í starfsemi Höfuðborgarstofu þar sem meiri áhersla er sett á að styrkja innviði ferðaþjónustu í Reykjavík, góða móttöku ferðamanna, jafnvægi í þolmörkum gagnvart íbúum og þétt samstarf sveitarfélaganna á svæðinu undir einu sameiginlegu merki.

Framtíðarsýn ferðamálastefnu

„Reykjavík verði eftirsóttur áfangastaður ferðamanna allt árið um kring og með því verði rennt styrkari stoðum undir fjölbreytt atvinnulíf og menningarstarf í borginni. Markviss uppbygging innviða ferðamannaborgarinnar og samræmt kynningarstarf leiði til þess að Reykjavík eflist til muna sem vettvangur ráðstefna og alþjóðlegra viðburða og verði þekkt og virt sem áhuga-verð menningarborg í nábyli við einstæða náttúru. Heilsuferðaþjónusta verði jafnframt ein af meginstoðunum þar sem nýting hreinnar orku, heita vatnsins og fyrsta flokks aðstaða undirstrikar sérstöðu Reykjavíkur.“

REYKJAVÍK ER OKKAR!

Megináherslur, forsendur og fjárhagsleg greining



Reykjavík er okkar er yfirskrift Menningar- og ferðamálasviðs fyrir árið 2018 en með því er vísað í þá megináherslu sviðsins að stuðla að öflugu menningar- og listalífi sem borgarbúar geta notið og ferðamenn laðast að. Er sú áhersla í takt við menningarstefnuna þar sem segir meðal annars að mikilvægt sé að Reykjavík skapi sér sérstöðu sem kraftmikil og skapandi borg þar sem eftirsóknarvert sé að búa og starfa. Í aðgerðaráætlun ferðamálastefnunnar segir enn fremur að fjölbreytt menningarlíf, árvissir viðburðir og aðlaðandi borg séu forsendur þess að Reykjavík eflist sem áfangastaður.

Þetta þýðir að áfram verður lögð áhersla á að sinna þörfum borgarbúa, skapa fjölbreytta dagskrá fyrir börn og fjölskyldur og miðla sögu og þekkingu og því helsta sem er að gerast í listum og menningu. Í ferðamálum

verður sjónum beint að innviðum í því augnamiði að hér þrífist ferðaþjónusta í sátt við borgarbúa.

Yfirskriftin leiðir einnig hugann að börnunum sem flest ef ekki öll geta raulað lag rapparans Emmsjé Gauta og minnir á þá áherslu sem lögð er á öflugt barnamennningarstarf í menningarstofnunum borgarinnar, hjá Reykjavík bókmenntaborg UNESCO, með barnamennningarhátíð og í gegnum ýmsa aðra viðburði og hátíðir.

Í ferðamálum verður stefnt að því að ljúka vinnu við nýja ferðamálastefnu en sú sem fyrir er var staðfest árið 2011 og rennur út árið 2020. Miðað verður við að ný stefna nái til styttra tímabils og að henni fylgi raunhæf aðgerðaráætlun. Samhliða verði mótuð ný markaðsstefna. Fyrstu skrefin í þessari vinnu voru tekin haustið 2017. Áfram er lögð rík áhersla á að kynna starfsemi menn-

ingarstofnana Reykjavíkurborgar fyrir ferðaþjónustunni og þróa Gestakort Reykjavíkur sem aðlaðandi leið gesta til að njóta menningar í höfuðborginni. Áætlað er að kortið verði rafrænt á árinu og með því verði hægt að nýta kortið sem stjórntæki og upplýsingatæki ásamt því sem það verði góður valkostur fyrir ferðamenn.

Á árinu verður lögð áhersla á að ljúka viðburðarstefnu fyrir borgina og kemur það í hlut skrifstofu menningarmála og viðburðarteymis sviðsins að fylgja henni eftir. Fyrstu skrefin að stefnumótuninni voru tekin haustið 2017. Jafnframt verður tækifærið notað til að rýna í viðburðarhald á vegum sviðsins og Reykjavíkurborgar með það í huga að skoða hvað betur mætti fara.

Eitt af markmiðum menningarstefnu er að listalífið í borginni einkennist af þrótti og metnaði og hafi tækifæri til að vaxa og dafna á eigin forsendum. Á seinni hluta ársins 2017 tókst að finna lausn á húsnæðisvanda Dansverkstæðisins sem stendur til að flytja í endurgert húsnæði að Hjarðarhaga 45 til 47 í ársbyrjun. Markmiðið er að reka Danshús í Reykjavík sem verði heimili dansins á breiðum grunni.

Farsæl lausn fannst einnig á því hvernig komið væri til móts við óskir Sambands Íslenskra myndlistarmanna um auknar greiðslur vegna þátttöku myndlistarmanna í sýningum og vinnu þeirra við eigin sýningar innan Listasafns Reykjavíkur. Nýjar verklagsreglur safnsins taka gildi um áramót. Þeim hefur verið vel tekið og ríkir almenn sátt um niðurstöðuna.

Stefnumörkun

Menningar- og ferðamálasvið starfar í samræmi við menningarstefnu og ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar og aðgerðaáætlanir sem þeim fylgja. Þær mynda forgangsriðun í verkefnum næsta árs og eru forsenda langtímaáætlana.

Aðgerðaáætlun menningarstefnunnar 2014-2020 sem ber yfirskriftina Menning er mannréttindi hefur verið uppfærð fyrir árið 2018 en henni fylgja jafnframt aðgerðir fjölmennningarstefnunnar sem ætlunin er að flétta inn í menningarstefnuna þegar hún verður uppfærð á ný.

Aðgerðaáætlun ferðamálastefnunnar 2011 - 2020 Styrkar stoðir var unnin á árinu 2017 og nær hún til árána 2017 til 2020. Á árinu verður áhersla lögð á vinnu við mótun nýrrar ferðamálastefnu fyrir Reykjavíkurborg. Listasafn Reykjavíkur, Borgarbókasafn Reykjavíkur og Borgarsögusafn Reykjavíkur vinna nú öll eftir nýrri stefnumótun sem tekur mið af þeim umtalsverðu breytingum sem markað hafa starfsemi þeirra síðustu misserin.

Stofnanir sviðsins og miðlæg starfsemi

Mikill kraftur einkennir starfsemi menningarstofnana Reykjavíkurborgar og verður árið 2018 engin undantekning. Hjá Borgarbókasafni mun nýr vefur líta dagsins

ljós, Listasafn Reykjavíkur hyggst treysta innra starf safnsins og eitt umfangsmesta verkefni Borgarsögusafns verður opnun nýrrar grunnsýningar í Sjóminjasafninu. Borgarsögusafnið tekst einnig á við nýjar áskoranir sem felast í ábyrgð á húsnæðinu að Aðalstræti 10 og nýrri sýningu sem fyrirhuguð er þar.

Hjá Höfuðborgarstofu verður áhersla lögð á að skerpa sýn starfseminnar í takt við nýjar áskoranir í ferðamálum og vinna að nýrri ferðamálastefnu. Viðburðarteymið er flutt á skrifstofu menningarmála en með því er ætlunin að stytta og styrkja boðleiðir milli viðburðarhalds og menningarstarfs sviðsins en jafnframt að auka svigrúm Höfuðborgarstofu til að einblína á áskoranir tengdar ferðamálum. Viðburðarteymið heldur utan um hátíðir borgarinnar, það er að segja: Vetrarhátíð, 17. júní, Menningarnótt, Barnamenningarhátíð, Tendrun Friðarsúlunnar og Aðventuhátíð.

Hjá Reykjavík, bókmenntaborg UNESCO verður áfram unnið að helstu verkefnum um lestrarhvatningu en stór áskorun snýst um að endurskoða rekstrarmódel Gröndalshússins og tryggja góða nýtingu þess.

Tónlistarborgin Reykjavík er þróunarverkefni til þriggja ára og fóstrar sviðið það verkefni. Verkefnastjóri hefur verið ráðinn sem verður með starfsaðstöðu bæði í tónlistarklasanum við Hlemm og á skrifstofu sviðsins.

Nánar verður vikið að helstu verkefnum stofnana sviðsins í sérköflum síðar í starfsáætluninni.

Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun (KFS)

Á Menningar- og ferðamálasviði er starfræktur starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun (KFS). Markmið hans er að samþætta í raun mannréttindastefnu og fjármálastefnu borgarinnar með því að greina áhrif dreifingu gæða á kynin og jafnarsetta hópa samfélagsins. Með því að afla upplýsinga um framangreint er grunnurinn lagður að réttlátri dreifingu fjármuna og gæða með tilliti til þarfa borgarbúa. Árið 2018 er áhersla lögð á að byggja ofan á verkefni síðustu ára og skapa þannig enn betri grundvöll til þess að rýna- og vinna með þær kyngreindu upplýsingar sem starfshópnum berast.

Stefnt er að því að könnun verði lögð fyrir þátttakendur opunarviðburðar Barnamenningarhátíðar þriðja árið í röð til að fanga upplifun þátttakenda af viðburðinum. Meiri ánægja stúlkna hefur mælst með viðburðinum og þær líklegri til að hafa heimsótt menningarviðburði í Hörpu áður. Fróðlegt verður að kanna hvort munur mælist á milli árganganna með breyttum áherslum við dagskrárgerð og hvort aukin áhersla á þátttöku barnanna við undirbúning viðburðarins skili sér í aukinni ánægju.

Haldið verður áfram að kortleggja áhuga og ánægju ungmenna á skipulögðum viðburðum á vegum menningarstofnana MOF. Í úttekt sem gerð var árið 2014 kom í ljós að viðburðir og kynningar á vegum MOF höfðu betur til stúlkna en drengja, hvort sem litið er til þátttöku eða

ánægju. Við þessum niðurstöðum hefur verið brugðist með markvissum aðgerðum sem m.a. fela í sér í sér starfshóp þvert á stofnanir, aðgerðir til þess að samræma skráningar, úthlutun fjármagns úr barnameningarpotti með það að markmiði að leiðrétta kynjahallann, að gæta kynjajafnræðis við skipan starfshópa fræðslufulltrúa og rýnihóps kennara og ungmenna.

Síðasta áhersluatriði vetrarins er framhald á verkefni frá því á árinu 2016 þar sem leitast er við að afla kyngreindra gagna frá helstu samstarfsaðilum sviðsins. Uppfærðar verklagsreglur um styrki á vegum menningar- og ferðamálaráðs fyrir 2018 gera ráð fyrir að óskað eftir að greinargerðir innihaldi kyngreindar upplýsingar í tengslum við ráðstöfun styrkja og að vikið verði að þessu ákvæði í umsóknareyðublöðum og í svarpósti til þeirra sem hljóta vilyrði fyrir styrk. Jafnframt leitast ráðið við að kynjahlutföll séu jöfn í þeim ólíku starfshópum sem það skipar.

Styrkveitingar og framlag til menningarlífsins

Hæstu framlög til menningarlífsins í borginni fyrir utan rekstur menningarstofnana fara til Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, Sinfóníuhljómsveitar Íslands skv. lögum og Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu vegna endurgreiðslu stofnkostnaðar á móti ríkinu auk sérstaks rekstrarframlags. Jafnframt njóta Listahátíð í Reykjavík, Sviðslistamiðstöð í Tjarnarbíói, Sjónlistamiðstöð á Korpúlfsstöðum og fleiri sjálfstæðir aðilar húsnæðis- og eða rekstrarstyrkja. Árið 2017 færðist framlag til Bíó Paradísar, Nýlistasafnsins, Kling&Bang og Hönnunarmiðstöðvar úr almennum styrkjaþotti á sérstaka kostnaðarstaði sem lúta öðrum lögmálum en almennt styrkjaferli, til viðbótar við önnur menningarhús sem þar eru fyrir. Hönnunarmiðstöð nýtur áfram rekstrarstyrkjar skv. samningi eftir að hún flutt starfsemi sína að Aðalstræti 2 á árinu 2016 er Höfuðborgarstofa og skrifstofa sviðsins fluttu þaðan í Ráðhúsið.

Hin nýja myndlistarmiðstöð Marshallhúsið sem var opnuð í mars 2017 hefur farið vel af stað og mun árið 2018 verða fyrsta heila rekstrarárið. Reykjavíkurborg leigir af Granda ehf. allar hæðir Marshallhússins nema jarðhæðina og framleigir á sama verði til Nýlistasafnsins,



Kling og Bang og fyrir myndlistarmanninn Ólaf Elíasson í8 Galleríi og Stúdíó Reykjavík. Framlag til Nýló og Kling&Bang hækkar í ljósi aukins umfangs og rekstrar-kostnaðar.

Þá hefur borgarráð samþykkt að samtök um Danshús fái verulega aukið rekstrarframlag næstu 15 árin vegna flutnings Dansverkstæðisins að Hjarðarhaga. Framlag til rekstrar þess úr styrkjaþotti og frá borgarráði færist nú á sérstakan kostnaðarstað.

Almennar styrkveitingar á sviði menningar og lista eru veittar fyrir afmörkuð verkefni, til hópa eða félaga og til samstarfssamninga til tveggja eða þriggja ára. Þær tilheyra svokölluðum styrkjaþotti. 4 lykilhátíðir voru valdar Borgarhátíðir Reykjavíkur 2017 – 2019 eftir sérstakt auglýsingaferli og samningagerð. Þær njóta lang hæstu styrkjanna í styrkjaþottinum. Styrkjaþotturinn sem auglýstur er árlega er að hluta bundinn vegna þeirra og fleiri samstarfsaðila á langtímasamningum. 20 langtímasamningar voru þegar bundnir fyrir 2018 og 8 nýir samningar gerðir eftir styrkjaúthlutun ráðsins fyrir



2018. Faghópur skipaður fulltrúum Bandalags íslenskra listamanna og Hönnunarmiðstöðvar er ráðgefandi fyrir úthlutun ráðsins. Við úthlutun árlegra styrkja er höfð til hliðsjónar menningarstefna Reykjavíkur, aðgerðar-áætlun byggð á henni, styrkjareglur borgarinnar og verklagsreglur menningar- og ferðamálaráðs um styrki sem það endurskoðar árlega. Að auki eru sérstakir styrkir veittir til myndrýkrar miðlunar tengdri sögu og menningu í Reykjavík. Þá útnefni ráðið einnig Borgarlistamann Reykjavíkurborgar og veitir Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar.

Sértækar áherslur í verklagsreglum ráðsins fyrir styrkveitingar 2018:

- Listir fyrir og með börnum.
- Grasrót, nýmæli, framsækni og frumkvæði í menningu og listum.
- Endurnýjun eigi sér stað í hópi styrkþega.
- Þróun og efling hátíða.
- Langtímasamningar við samstarfsaðila í menningarlífinu til að efla fagmennsku og styrkja rekstrargrund-

breytilega og metnaðarfulla tónlistarmenntun og greitt aðgengi barna að leiðarljósi. Bæta aðstöðu og hljóðfærakost skólahljómsveitanna og kanna möguleika á að auka samspil í smærri hópum með auknu kennslumagni á hvorn nemanda.

7. Harpa tónlistarhús – Tryggja rekstrarhæfi Hörpu sem miðstöðvar tónlistar í Reykjavík og auka þannig aðgang fjölbreyttrar tónlistar, tónlistartengdra viðburða og samræðuvettvangs, nýsköpunar og barna-starfs að húsinu.
8. Kynning íslenskrar tónlistar – Skilgreina íslenska tónlist og tónlistarviðburði sem kjarna í kynningu á Reykjavík. Koma á virku samstarfi á milli Höfuðborgarstofu, ÚTÓN, Íslandsstofu o.fl. með markvissa kynningu íslenskrar tónlistar að markmiði. Auka aðgengi ferðamanna og íbúa borgarinnar að tónlist með samvinnu Upplýsingarmiðstöðvar ferðamanna, tónlistarfólks og tónleikahaldara um stórbætt viðburðadagatal á www.visitreykjavik.is og miðasölu á menningarviðburði í gegnum þá síðu.

Verkefnastjóri Tónlistarborgarinnar hóf störf um miðjan septembermánuð 2017 og skipað ráðgjafanefnd til ársins 2020. Miðað er við að í upphafi árs 2018 liggi fyrir ítarleg aðgerðaráætlun sem verði fylgt vel eftir.

Börn og menningaruppeldi

Sérstök áhersla er lögð á börn og menningaruppeldi í menningarstefnu Reykjavíkurborgar. Þeirri áherslu er fylgt eftir með ýmsum aðgerðum í aðgerðaráætlun. Menningarstofnanir borgarinnar gera árlega fræðsluáætlun og líka helstu samstarfsaðilar sem njóta hæstu menningarstyrkja. Lögð hefur verið áhersla á auknið samstarf fagfólks í safnfræðslu á stofnunum með þau markmið að læra, þróa, miðla og skrásetja betur nýtingu á fræðslutilboðum menningarstofnanna. Sérstakt framlag er veitt til sértækra aðgerða á sviði barnamenningar og listuppeldis barna. Stefnan um börn og menningaruppeldi endurspeglar á margvíslegan hátt hjá menningarstofnunum, í styrkveitingum ráðsins, í miðlægum verkefnum s.s. Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO og samstarfi Menningar- og ferðamálasviðs og Skóla og frístundasviðs með sameiginlegum verkefnastjóra barnamenningar. Meðal mikilvægra verkefna verkefnastjórans eru umsjón Barnamenningarhátíðar, Biophiliu, Menningarfána Reykjavíkurborgar, kynning, fræðsla, samráð og hvatning til framboðs listar- og menningar barna, fyrir börn og með börnum í skólaumhverfinu. Leitast er við að sinna vel barnamenningu í hverfum.

Fjölmening

Yfirskrift menningarstefnu Reykjavíkurborgar er: Menning er mannréttindi. Eitt af markmiðunum er að menningarlífið í borginni sé aðgengilegt öllum og einkennist af fjölbreytni, víðsýni, samkennd og virðingu. Margar aðgerðir eru í farvegi samkvæmt þeirri aðgerðaáætlun sem stefnunni fylgir.

Starfshópur innan Menningar- og ferðamálasviðs mótaði á árinu 2017 nýja stefnu sviðsins um fjölbreytta menningu í borginni 2017-2020 undir heitinu „Rætur og vængir“. Með henni fylgir aðgerðaráætlun sem er hluti af uppfærðri aðgerðaáætlun menningarstefunnar, enda kallast margar aðgerðir menningarstefunnar á við stefnu Róta og vængja. Fjölmeningarstefnan í heild verður viðhengi við aðgerðaráætlun menningarstefunnar þar til stefnan hefur verið uppfærð að nýju. Fjölmeningarstefnan byggir meðal annars á farsælli reynslu fjölmeningarstarfs Borgarbókasafns Reykjavíkur þar sem list og sköpun er grunnur að samstarfi við ýmsa aðila í samfélaginu. Einnig hefur verið byggt á mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og litið til fjölmeningarstefnu Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur ásamt stefnumótun UNESCO. Stefnt er að því að menningarstofnanir borgarinnar setji sér sérstaka aðgerðaráætlun um fjölmeningu.

Erlent samstarf

Menningar- og ferðamálasvið á í margvíslegu erlendu samstarfi. Höfuðborgarstofa greiðir götu erlendra blaðamanna og kynnrir Reykjavík á erlendum mörkuðum ásamt samstarfsaðilum og stjórnendur sviðsins og stofnana sitja í alþjóðlegum samtökum hvert á sínu sviði og eiga í ýmsu samstarfi við systurstofnanir á alþjóðavísu. Bókmenntaborgin vinnur til dæmis náið með öðrum skapandi borgum UNESCO.

Höfuðborgir Norðurlanda eiga reglubundið og gott samstarf í menningarmálum þar sem hin pólitísku ráð halda ráðstefnur í borgunum til skiptis annað hvort ár og embættismenn hitt árið. Embættismannafundur fór fram í Reykjavík sumarið 2017 og menningarmálanefndir höfuðborganna munu þinga í Ósló vorið 2018.

Menningarkynningar erlendis geta komið upp með stuttum fyrirvara eins og framlag Reykjavíkurborgar til menningarhátíðarinnar La Merce í Barcelona 2017. Skrifstofa sviðsins á í góðu samstarfi við sendiráð erlendis um menningar- og ferðamála-kynningar. Árangur alþjóðlegs samstarfs er sýnilegur með nýjungum í starfsemi, alþjóðlegum samstarfsverkefnum, sýningum, ráðstefnum og viðburðum ýmist hér á landi eða erlendis.

Safnbúðir og Menningarkort Reykjavíkur



Verkefnisstjóri á skrifstofu menningar- og ferðamálasviðs vinnur að þróun og eflingu Safnbúða Reykjavíkur og Menningarkortsins. Menningarstofnanir Reykjavíkurborgar reka verslanir þar sem er að finna úrval af íslenskri hönnun og handverki, erlenda hönnunarvöru,

veggspjöld, bækur og minjagripi ásamt safn- og sýningartengdri vöru. Áhersla er lögð á að vöruúrval endurspegli viðfangsefni safnanna og skapi þannig áframhaldandi tengingu gesta við söfn og sýningar þegar heim er komið. Markmið með ráðningu sameiginlegs verkefnisstjóra er að auka tekjur og framlegð Safnbúða Reykjavíkur. Áfram verður unnið að því marki með aukinni áherslu á markaðs- og kynningarstarf, útlit verslana og með því að styrkja sérstöðu þeirra með eigin framleiðslu. Enn fremur verður ráðist í heildstæða stefnumótunavinnu fyrir safnbúðirnar á árinu.

Menningarkorti Reykjavíkur er ætlað að veita borgar-

búum greiðan og hagkvæman aðgang að menningarstofnunum borgarinnar sem og þjónustu og viðburðum samstarfsaðila. Markmið ársins er að auka virði kortsins í huga almennings með því að fjölga samstarfsaðilum, kynna kortið betur fyrir almenningi, fjölga notendum þess, auka nýtingu og veltu. Unnið er að auknum sýnileika og viðveru á samfélagsmiðlum, kynningu á heimasíðu kortsins, markvissum póstlistasendingum og umfangllunum áhrifavalda. Jafnframt er unnið að undirbúningi á netsölu sem opnar möguleika fyrir markvissari markaðssetningu á netinu.



Viðburðadagatal hátíða á vegum Reykjavíkurborgar 2018

1.-4. febrúar	Vetrarhátíð (Safnanótt, Sundlauganótt m.m.)
17.-22. apríl	Barnamenningarhátíð
17. júní	Íslenski þjóðhátíðardagurinn í Reykjavík
18. ágúst	Menningarnótt
9. október	Tendrun Friðarsúlunnar í Viðey
2. – 24. desember	Desember í Reykjavík



Á liðnum árum hefur verið mikill vöxtur í ferðaþjónustu hér á landi og er ferðaþjónustan orðin ein stærsta og mikilvægasta atvinnugrein landsins. Árið 2015 nam útflutningur ferðaþjónustu frá landinu um 31% af heildarútflutningi landsins. Í fyrra var þetta hlutfall komið upp í 39% og samkvæmt spá Landsbankans er gert ráð fyrir að hlutfallið verði 43% árið 2017.¹

Nokkuð hefur dregið úr vexti í fjölgun ferðamanna til landsins og er gert ráð fyrir því að hún verði 22% 2017 samanborið við 40% 2016. Þá er gert ráð fyrir að enn dragi úr fjölguninni 2018 en spá Landsbankans gerir ráð fyrir að hún verði 8%² en spá Arion banka er örlítið hærri, eða 11% vöxtur árið 2018.³

Þetta eru ekki neikvæð tíðindi enda hefði verið erfitt að ráða við sömu aukningu í fjölgun ferðamanna og síðustu ár í langan tíma. Það er ekkert sem bendir til annars en að ferðaþjónustan verði áfram stærsta og mikilvægasta atvinnugreinin hér á landi. Hins vegar er afar mikilvægt að stjórnvöld, fyrirtæki og íbúar vandi vel til verka þannig að þau jákvæðu áhrif sem ferðaþjónustan hefur haft á samfélagið haldi áfram og viðhorf bæði íbúa og ferðamanna verði jákvæð til framtíðar.

Farsæl þróun til framtíðar

Ferðaþjónustan er að ganga í gegnum mikilvægt mótnarferli og ljóst er að stjórnvöld, sveitarfélög og atvinnugreinin sjálf þurfa að taka höndum saman um að leggja grunn að farsælli og sjálfbærri þróun til framtíðar. Mikilvægt er að horft verði til þátta eins og tekjuskiptingar ríkis og sveitarfélaga en núverandi tekjur sveitar-

félaga af ferðaþjónustunni eru í flestum tilvikum takmarkaðar, sem hefur áhrif á hvata þeirra til að standa fyrir uppbyggingu innviða.⁴

Samkeppnishæfni Íslands sem áfangastaðar ferðamanna skiptir miklu máli fyrir framtíð ferðaþjónustu og er margt sem hefur áhrif þar á, svo sem gengi gjaldmiðilsins gagnvart helstu viðskiptalöndum, orðspor Íslands, ímynd og menning og viðhorf íbúa til ferðamanna.

Mikil uppbygging hefur verið á hótél- og gistirympi í borginni og á næstu árum mun hótélherbergjum fjölga úr 4.500 í tæp 7.000 herbergi. Þar til viðbótar eru um þúsund herbergi í öðrum flokkum. Aukinn ferðamannastraumur hefur valdið því að íbúðir hafa að hluta horfið af innlendum húsnæðis- og leigumarkaði og eru nú leigðar út til ferðamanna í skammtímaleigu. Samkvæmt gögnum frá Landsbankanum jókst útleiga á íbúðahúsnæði í Reykjavík um 152% yfir sumarmánuðina á árinu 2016 miðað við sambærilegt tímabil árið á undan. Það sem af er þessu ári hefur vöxturinn haldið áfram en 43% aukning mældist fyrstu átta mánuði ársins miðað við sama tímabil í fyrra. Miðað við vöxt ársins 2017 má því búast við að deilihagkerfið haldi áfram að vaxa og verður það ein af áskorunum borgarinnar að fylgjast vel með þróun heimagistingar og íbúðargistingar og meta hvaða valkosti borgin hefur til að bregðast við í þeim efnum. Það er hins vegar mikilvægt að benda á að ekki hefði verið hægt að taka við þeirri fjölgun ferðamanna sem hefur verið síðustu ár ef ekki hefði komið til heima-


1. <https://umraedan.landsbankinn.is/umraedan/samfelagid/ferdathjonusta-2017/greiningar/ferdathjonusta-er-undirstoduatvinnugrein-a-islandi/>

2. <https://umraedan.landsbankinn.is/umraedan/samfelagid/ferdathjonusta-2017/greiningar/horfurnar-naestu-arin/>

3. Banka, G. A. (2017). Ferðamannalandið Ísland : Komið til að vera?

4. eloitte. (2017). Greiningar á beinum opinberum tekjum og gjöldum v. ferðamanna 2015. Reykjavík: Deloitte ehf.

Fjöldi starfsmanna í ferðaþjónustu / breytingar



og íbúðargistingar.

Mikill vöxtur í ferðaþjónustu veldur því að hlutfall erlendra ríkisborgara af vinnuafli fjölga hratt. Talið er að rúmlega tuttugu þúsund hafi að jafnaði starfað við ferðaþjónustu 2016, þar af um 10.000 í Reykjavík, en í lok ágúst 2017 starfa um 30.500 launþegar í einkennandi atvinnugreinum ferðaþjónustunnar. Spár gera ráð fyrir að störfum í ferðaþjónustu fjölgi hratt á næsta ári og að eftirspurn eftir erlendu vinnuafli verði mikil í ferðaþjónustunni sem og öðrum atvinnugreinum. Þetta hefur augljóslega áhrif á þörf fyrir uppbyggingu innviða í Reykjavík sem þjónusta þessa starfsmenn og fjölskyldur þeirra sem og aukinn þrýsting á íbúðarhúsnæði á öllu höfuðborgarsvæðinu.

Ferðaþjónustan stendur frammi fyrir miklum áskor-

unum og helstu áhættuþættirnir snúa að félagslegum, menningarlegum og náttúrulegum þörmörkum. Til að þróun í ferðaþjónustu verði farsæl til framtíðar þurfa ríki, sveitarfélög og greinin sjálf að grípa til aðgerða til að ferðaþjónustan nái að þróast á jákvæðan og sjálfbæran hátt. Þar eigum við að setja markið hátt og bera okkur saman við þau lönd sem hafa náð hvað mestum árangri í ferðaþjónustu.

Áfangastaðurinn Reykjavík

Reykjavík er lang eftirsóttasti áfangastaður landsins og um 97% ferðamanna dvelja í borginni í lengri eða skemmri tíma. Til marks um það má nefna að á árinu 2016 var Reykjavík í fyrsta sæti yfir alla áfangastaði heims hjá Google Search, og skákaði þar borgum eins og New York, London, París, Tokyo og Toronto. Á árinu





2017 var Reykjavík valin „European Winter Destination of the Year“ af Luxury Travel Guide og „Best Destination for Mice“ af Business Destination Magazine svo dæmi séu tekin, sem gefur sterkar vísbendingar um að áfangastaðurinn Reykjavík sé enn að sækja í sig veðrið.

Myrkrið, norðurljós og margbreytilegt veður hefur mikið aðdráttarafl og með samstilltu átaki, nýsköpun og vörubróun og kynningarstarfi á Vetrarborginni Reykjavík er fjölgun gesta meiri yfir vetrartímann en yfir sumartímann.

Viðburðir og menningarlíf skipa stóran sess í því að laða ferðamenn til Reykjavíkur árið um kring og hefur verið markvisst unnið að því að fjölga hátíðum og viðburðum til að draga úr árstíðarsveiflum í ferðaþjónustu. Hátíðir eins og Menningarnótt, Vetrarhátíð og Tendrun Friðarsúlunnar, sem Menningar- og ferðamálasvið skipuleggur, skipa stóran sess í viðburðahaldi í borginni. Þá hafa viðburðir eins og Reykjavík Pride, Iceland Airwaves, RIFF og HönnunarMars gríðarlegt aðdráttarafl. Loks hefur ráðstefnuhald stórauðist í Reykjavík og vinnur Höfuðborgarstofa náíð með Meet in Reykjavík að því að fjölga alþjóðlegum ráðstefnum og íþróttaviðburðum í borginni.

Borgarbúar eru gestgjafar og skapa andrúmsloftið

Borgarbúar eru allir gestgjafar og eiga ríkulegan þátt í að skapa jákvætt andrúmsloft fyrir ferðamenn sem sækja okkur heim. Innri markaðssetning er því mikilvæg þegar kemur að ferðaþjónustunni enda er eitt af helstu verkefnum Höfuðborgarstofu að efla vitund borgarbúa og rekstraraðila á virði ferðaþjónustunnar fyrir samfélagið, bæði í félagslegum og fjárhagslegum skilningi.

Árlega framkvæmir Höfuðborgarstofa könnun meðal íbúa Reykjavíkur til að kanna viðhorf þeirra til ferðaþjónustunnar og ferðamanna. En í síðustu könnun sem var gerð frá apríl-júní 2017 kemur fram að íbúar á

höfuðborgarsvæðinu halda áfram að vera almennt jákvæðir gagnvart ferðamönnum milli ára. Þó hefur dregið nokkuð úr ánægju þeirra síðustu tvö ár sem er eflaust í takt við mikla fjölgun ferðamanna á sama tíma en ferðamenn voru 88% fleiri á landinu á fyrstu sex mánuðum ársins borið saman við á sama tíma árið 2015, samkvæmt gögnum frá Ferðamálastofu.


Langflestir eru stoltir af því að búa í borg sem tekur vel á móti ferðamönnum og meirihluti telur íbúa gestrisna gagnvart ferðamönnum. Ferðamenn fá líka góða einkunn en langflestir segja lítið ónæði af þeim og telja þá vinsamlega í samskiptum sínum við heimamenn. Flestir eru á því að aukinn fjöldi ferðamanna hafi jákvæð efnahagsleg áhrif á höfuðborgarsvæðinu. Athygli vekur að rúmlega helmingur svarenda í miðbænum telur sig hafa orðið var við svarta starfsemi í tengslum við ferðaþjónustu og næstum fjórir af hverjum tíu af íbúum höfuðborgarsvæðisins í heild. Þá telja sífellt fleiri að fjölbreytni í verslun á höfuðborgarsvæðinu hafi minnkað. Það eru því vísbendingar um að ánægja borgarbúa með ferðaþjónustuna fari minnkandi sem er áhyggjuefni en gestrisni Íslendinga er eitt af því sem ferðamenn hafa lýst mikilli ánægju með.

Þrátt fyrir að einungis lítillega hafi dregið úr jákvæðni borgarbúa gagnvart ferðamönnum og ferðaþjónustu þá sýnir það engu að síður að sambúðin við ferðaþjónustuna er farin að hafa áhrif á íbúa. Því er mikilvægt að vinna að því að framtíðaruppbygging og þróun ferðaþjónustunnar á svæðinu sé í sátt við íbúa, umhverfi og aðrar atvinnugreinar.

Jákvætt viðhorf ferðamanna í Reykjavík

Höfuðborgarstofa hefur frá árinu 2004 kannað viðhorf erlendra ferðamanna til reynslu sinnar af Reykjavík sem áfangastaðar. Síðustu þrjú ár hefur reynsla erlendra ferðamanna af höfuðborginni verið með besta móti og kváðu 93% hana frábæra. Í könnuninni er líka spurt um

afþreyingu ferðamanna í Reykjavík, alls átta þætti, og auk þess er spurt hvort fólk hefði farið í dagsferðir frá Reykjavík. Almennt talið eru erlendir ferðamenn ánægðir með Reykjavík sem áfangastað og það vöruúr-



val sem er í boði á svæðinu. Frá upphafi mælinga segjast allt að 99% ferðamanna að þeir muni mæla með Reykjavík sem áfangastað við vini og vandamenn og á það eflaust sinn þátt í velgengi ferðabjónustunnar hér á landi. Mikilvægt er að vinna áfram að því að viðhalda þessari jákvæðu upplifun ferðamanna af borginni, samhliða því að styðja við aukið úrval af afþreyingu, menningu og þjónustu, sem og að stuðla að dreifingu ferðamanna víðar um höfuðborgarsvæðið.

Samkvæmt könnun Dear Visitor frá janúar til apríl 2017 höfðu 99% svarenda komið til Reykjavíkur og 93% gistu í höfuðborginni að jafnaði 3,4 nætur af 5,1 náttar dvöl á Íslandi. Samkvæmt því má áætla að um 62% af gistingum erlendra ferðamanna á þessu tímabili hafi verið í Reykjavík en 38% annars staðar á landinu; það er að segja um 1,7 milljónir gistinátta af alls um 2,8 milljónum á landinu öllu.

Samkvæmt greiningardeildum bankanna hefur Reykjavík náð ákveðnu hámarki þegar kemur að gistinóttum yfir sumartímann og á stórhátíðum, á sama tíma sjáum við að háannatíminn er að lengjast og nýting gistirúma orðin mun betri yfir vetrartímann. Fókus ferðabjónustunnar á norðurljós og vetrarferðalög á stærstu markaðssvæðunum, ásamt fjölgun vetrarviðburða í Reykjavík, hefur vafalaust haft jákvæð áhrif á þessa þróun.

Mikilvægt að auka tekjur sveitarfélaga af ferðamönnum

Nær allar tekjur sem hið opinbera fær af ferðamönnum renna í ríkissjóð, má þar nefna virðisaukaskatt, bensín-gjöld, leyfisgjöld og gjöld af flugumferð. Tekjur sveitarfélaga af fjölgun ferðamanna eru nær eingöngu bundnar við útsvar af tekjum þeirra sem starfa í ferðabjónustu og af fasteignagjöldum. Kostnaður sveitarfélaga af ferðamönnum er hins vegar vaxandi, meðal annars vegna slits á götum, kostnaðar við hreinsun og fegrun, fjárfestinga í innviðum og þróunar nýrra segla. Mikilvægt er að tryggja fjármögnun innviða hjá sveitarfélögum og er áriðandi að sveitarfélög um allt land fái aukna hlutdeild í tekjum ríkisins af ferðamönnum.

Í Reykjavík, stærsta sveitarfélagi landsins, er brýnt að ráðast í frekari uppbyggingu innviða til að styðja við vaxandi fjölgun ferðamanna. Reykjavík þarf, í samvinnu við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og ferðabjónustu í borginni, að tryggja heildstæða nálgun í ferðabjónustu fyrir höfuðborgarsvæðið, samhæfa aðgerðir og forgangsraða verkefnum til að viðhalda góðri ímynd og jákvæðri upplifun ferðamanna.

Í samstarfi við Ferðamálastofu og Stjórnstöð ferðamála er innan Höfuðborgarstofu unnið að gerð og framkvæmd áfangastaðaáætlunar fyrir höfuðborgarsvæðið, ásamt öllu landinu. Um er að ræða heildstætt ferli þar sem litið er til skipulags og samhæfingar í þróun og stýringu þátta sem geta haft áhrif á upplifun og ánægju ferðamanna á höfuðborgarsvæðinu, þ.m.t. þarfir gesta, heimamanna, fyrirtækja og umhverfis. Áfangastaðaáætlunin hefur það að markmiði að stýra uppbyggingu innviða og þróun höfuðborgarsvæðisins til næstu fimm ára með víðtæku samráði og skilgreindum markmiðum sem verður á ábyrgð hagaðila á svæðinu. Er það von Ferðamálastofu að aðgerðaáætlunin, sem mun verða kláruð í apríl 2018, nýtist sem grunnur að fastmótaðri stefnumótun fyrir ferðamál á höfuðborgarsvæðinu og verði að einhverju leyti innleidd í skipulags- og stefnumótun Reykjavíkurborgar.





Rekstur Menningar- og ferðamálasviðs

Menningar- og ferðamálasvið leggur að veltu ríka áherslu á hagkvæmni í rekstri, en um leið er leitast við að uppfylla metnaðarfull markmið menningarstefnu og ferðamálastefnu. Kostnaðareftirlit er virkt á öllum starfs-einingum og leitað er fjölbreyttra leiða til að afla aukinna sértekna.

Launakostnaður nemur 28% af rekstrargjöldum ársins og innri leiga 19%. Reiknaðar eru 2,7% vísitölubætur á breytilegan kostnað og taka hækkunar á aðgangseyri mið af sömu prósentutölu. Gert er ráð fyrir að tekjur af gjaldskrár stofnana aukist minna á árinu 2018 en árið á undan, eða um 8% í stað 29%. Megin ástæðan er minnkandi vöxtur á komu ferðamanna og aukning í notkun Gestakortsins sem gefi mun minna af sér en einkisþingangur.

Áfram er lögð rík áhersla á að kynna starfsemi menningarstofnana Reykjavíkurborgar fyrir ferðabjónustunni og efla sölu á Gestakorti Reykjavíkur sem og að auka framboð á sértækum menningarvörum innan safnbúða stofnana. Hins vegar verður áfram haft að leiðarljósi að borgarbúar njóti betri kjara og hagkvæmni stærðar Reykjavíkur og má þar nefna að árgjald að Menningar-korti Reykjavíkur verður ekki hækkað að þessu sinni og er kortið mjög hagkvæmur kostur fyrir þá sem eru reglulegir gestir menningarstofnanna.

Áætlun gerir ráð fyrir að tekjur sviðsins vaxi um 1% frá endurskoðaðri áætlun ársins 2017. Gert er ráð fyrir að tekjur vegna lánskírteina haldi áfram að lækka eins og verið hefur á undanförunum árum. Vörusala er orðin um 13% af heildartekjum sviðsins en gert er ráð fyrir að sala verði þó heldur minni á milli ára sem rekja má meðal annars til hás gengis íslensku krónunnar og minnkandi kaupmáttar erlendra ferðamanna. Tekjur af aðgangseyri eru um 43% af tekjum sviðsins og gerir áætlun ráð fyrir um 8% hækkun á milli ára. Samkvæmt áætlun verður Borgarsögusafn með um 49% hlutdeild af tekjum sviðsins en Landnámssýningin er tekjuhæsta sýningin og er áætlað að hún afli 40% tekna safnsins.

Um 50% af fjárhagsramma sviðsins verður varið til að styrkja fjölbreytta menningarstarfsemi í Reykjavík í formi beinna styrkja og samstarfssamninga en um 42% af fjárhagsrammans er varið til rekstrar stofnana sviðsins.

Mannauðsmál

Á stofnunum Menningar- og ferðamálasviðs starfar fjölbreyttur og hæfileikaríkur hópur starfsmanna og miðast mannauðsþjónusta sviðsins að því að búa starfsfólkinu okkar hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi sem gerir þeim kleift njóta sín í starfi.

Menningar- og ferðamálasvið býr að miklum verðmætum í þeim mannauði sem starfar á sviðinu. Sá auður, sem felst í reynslu, færni, metnaði og starfsánægju starfsmanna sviðsins er grunnurinn að starfsemi stofnananna. Það eru því mikil tækifæri í því fólgin að leita sífellt leiða til þess að gera starfsmönnum kleift að efla og þróa starfstengda hæfni sína í skapandi og jákvæðu starfsumhverfi.

Lögð er áhersla á að starfsfólki sviðsins bjóðist fjölbreytt tækifæri til starfsþróunar sem taka mið af áskorunum í starfsumhverfi sviðsins, niðurstöðum viðhorfskannana og afrakstri starfsmannasamtala.

Megin forsenda þess að starfsmenn geti notið sín í starfi grundvallast af því að þeir upplifi ánægju af störfum sínum, fái metnaði sínum fullnægt og séu stoltir af því að tilheyra stofnunum sviðsins.

Niðurstöður viðhorfskönnunar starfsmanna Reykjavíkurborgar, sem framkvæmd var í byrjun mars 2017, voru sérstaklega ánægjulegar í því ljósi því Menningar- og ferðamálasvið fékk hæstu meðaleinkunn allra sviða Reykjavíkurborgar og var þess utan það svið sem hækkaði mest frá könnuninni sem gerð var árið 2015.

96% þátttakenda sögðust mjög- eða frekar stolt af starfsstaðnum sínum og sama hlutfall þátttakenda taldi starfsstað sinn hafa góða ímynd. 95% voru sammála þeirri fullyrðingu að starfsstaður þeirra legði áherslu á gæði og góða þjónustu og jafn margir segjast tilbúnir til þess að leggja sig aukalega fram til þess að vinna að hag starfsstaðar síns.

Á árinu 2018 verður lögð áhersla á að byggja ofan á þann árangur sem náðst hefur á undanförunum árum. Áfram verður unnið að því að efla stjórnendur í hlutverkum sínum, festa í sessi starfsþróunarsamtöl og eftirfylgni þeirra og fylgja eftir þeim breytingum sem stofnanir sviðsins hafa gengið í gegnum á undanförunum árum. Sérstök áhersla verður lögð á að byggja undir menningu sem einkennist af jákvæðum samskiptum, valdeflingu, viðurkenningu og vellíðan starfsmanna.

Fjármál

FRUMVARP 2018 (í þús. kr.)

Tekjur

Rekstrartekjur	516.177
Rekstrartekjur samtals	516.177

Gjöld

Laun og launatengd gjöld	1.458.584
Innri leiga	1.027.019
Annar rekstrarkostnaður	2.815.697
Rekstrargjöld samtals	5.301.300
Rekstrarniðurstaða	4.785.123

Starfsmenn


Starfsmannafjöldi 2018

Fjöldi starfsmanna	232
Fjöldi stöðugilda	164,5

Stöðugildi eftir stofnunum


Borgarbókasafn Reykjavíkur	80,5
Borgarsögusafn Reykjavíkur	36,6
Listasafn Reykjavíkur	24,6
Höfuðborgarstofa	10,0
Skrifstofa sviðs	5,8
Bókmenntaborg UNESCO	2,0
Sérverkefni	5,0

Skipting rekstrar




- Styrkir og samningar
- Stofnanir sviðs
- Annað
- Stjórnun sviðs

Skipting tekna




- Aðgangseyrir
- Aðrar tekjur
- Fengnir styrkir
- Vörusala
- Lánsskírteini ofl. BBS

Skipting gjalda



- Styrkir og framlög
- Launakostnaður
- Innri leiga
- Annar rekstrarkostnaður

Stofnanir sviðs



- Borgarbókasafn Reykjavíkur
- Borgarsögusafn Reykjavíkur
- Listasafn Reykjavíkur
- Höfuðborgarstofa

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2018

		Rekstrar-	Esk.	Áætlun 2018			
		niðurstaða	áætlun	Tekjur	Laun og ltgj.	Annar rekstrar- kostn	Samtals
		2016	2017				
Yfirstjórn							
Menningar- og ferðamálaráð	03100	16.359	19.490	0	17.848	1.448	19.296
Skrifstofa menningar- og ferðamála	03110	87.575	90.624	0	98.548	9.170	107.718
		103.934	110.114	0	116.396	10.618	127.014
Höfuðborgarstofa							
Höfuðborgarstofa	07400	173.591	178.431	-59.514	104.035	69.507	114.028
		173.591	178.431	-59.514	104.035	69.507	114.028
Borgarbókasafn Reykjavíkur							
Skrifstofa	03200	285.055	298.814	-43.130	160.278	221.396	338.544
Menningarhús Grófinni	03201	137.405	152.772	-900	143.667	17.876	160.643
Menningarhús Kringlunni	03202	81.388	83.190	0	54.822	31.841	86.663
Menningarhús Sólheimum	03203	47.173	49.850	0	40.587	12.533	53.120
Menningarhús Gerðubergi	03205	143.560	151.891	-4.600	88.843	73.347	157.591
Menningarmiðstöðin Gerðuberg	03500	0	0	0	0	0	0
Menningarhús Spönginni	03207	90.894	94.238	-300	51.836	47.544	99.080
Menningarhús Árbæ	03208	60.282	63.018	0	46.511	19.212	65.724
Artótek	03209	-2.040	0	0	0	0	0
Bókabíllinn Höfðingi	03250	24.433	29.416	0	23.876	6.812	30.688
		868.151	923.190	-48.930	610.422	430.560	992.052
Listasafn Reykjavíkur							
Listasafn Reykjavíkur	03300	204.992	235.623	-12.722	131.570	116.281	235.129
Safnráð Listasafns Reykjavíkur	03305	202	412	0	412	0	412
Hafnarhús	03310	58.848	63.439	-69.215	42.057	88.026	60.868
Kaffiteriur	03311	-2.898	-6.400	-2.400	0	600	-1.800
Kjarvalsstaðir	03320	71.707	73.485	-23.378	32.286	68.162	77.070
Ásmundarsafn	03330	21.043	20.742	-12.081	15.079	20.225	23.223
Listaverk á opnum svæðum	03350	8.623	9.726	0	0	9.936	9.936
Listaverkakaup	03360	16.307	15.498	-6.750	0	22.666	15.916
		378.824	412.525	-126.546	221.404	325.896	420.754
Borgarsögusafn Reykjavíkur							
Skrifstofa	03700	217.378	226.635	-7.400	171.131	77.693	241.424
Árbæjarsafn	03704	49.470	58.703	-36.050	44.045	47.998	55.993
Borgarsögusafn - viðhald safngripa	03705	30.772	30.588	0	16.789	14.556	31.345
Landnámsýning	03710	9.564	-2.463	-100.800	32.206	65.161	-3.433
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	03600	42.540	38.376	-28.350	32.633	29.191	33.474
Viðey	03900	72.613	75.900	-4.567	9.979	68.076	73.488
Sjóminjasafn	07250	13.437	26.993	-75.700	30.533	94.884	49.717
		435.774	454.731	-252.867	337.316	397.559	482.008
Önnur menningarstarfsemi							
Bókmenntaborg UNESCO	03550	0	42.028	-13.640	22.429	49.621	58.410
		0	42.028	-13.640	22.429	49.621	58.410

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2018, framhald

		Rekstrar-	Esk.	Áætlun 2018			
		niðurstaða	áætlun	Tekjur	Laun og Itgj.	Annar rekstrar-kostn	Samtals
		2016	2017				
Styrkir og samstarfssamningar							
Leikfélag Reykjavíkur	03101	1.015.315	1.031.496	0	0	1.044.167	1.044.167
Listahátíð	03105	36.000	36.000	0	0	38.000	38.000
Heimili kvikmyndanna	03106	0	17.500	0	0	17.500	17.500
Marshallhús	03107	0	18.500	0	0	25.800	25.800
Hönnunarmiðstöð Íslands	03108	0	7.200	0	0	6.600	6.600
Sjónlistarmiðstöðin Korpúlsstöðum ..	03109	27.841	28.535	0	0	28.099	28.099
Loftbrýr	03111	4.500	4.500	0	0	6.000	6.000
Styrkir og rekstarsamningar	03113	133.799	121.064	-60	0	142.774	142.714
Ráðstefnuborgin Reykjavík	03131	40.000	40.000	0	0	40.000	40.000
Dansverkstæði	03134	0	0	0	0	17.000	17.000
Tjarnarbíó - Sjálfstæðu leikhúsin	03135	47.570	56.626	0	0	57.584	57.584
Húsnæðisstyrkir til menningarmála ...	03140	37.266	38.195	0	0	37.956	37.956
		1.342.291	1.399.617	-60	0	1.461.479	1.461.419
Framlög							
Sinfóníuhljómsveit Íslands	03102	208.630	223.928	0	0	225.268	225.268
Framlag til Hörpu	03145	579.889	743.975	0	0	735.473	735.473
		788.519	967.903	0	0	960.741	960.741
Annað							
Sameiginlegur kostnaður og ófyrirséð .	03120	14.117	41.224	-1.620	0	24.980	23.360
Tengsl skóla og menningarstofnana	03121	11.894	10.900	0	2.465	6.176	8.641
Gjaldfærðir lausafjármunir	03125	11.662	12.371	0	0	12.705	12.705
Sérverkefni	03137	52.738	23.007	-13.000	44.117	75.900	107.018
Innri leiga áhalda og tækja	03999	16.134	17.479	0	0	16.973	16.973
		106.545	104.981	-14.620	46.583	136.734	168.697
Menningar- og ferðamálasvið samtals		4.197.628	4.593.521	-516.177	1.485.584	3.842.716	4.785.123



STEFNUKORT

Gildi: Mannrækt - Orka - Fagmennska

Þjónusta	Menningaruppeldi	Menningarlegt forystuhlutverk	Eftirsóknarverður áfangastaður	Nýsköpun
Fjármál	Hagkvæm nýting og stýring fjármuna	Sterk kostnaðarvitund		Verðmætasköpun
Verklag	Samstarf og samráð	Öflug miðlun		Hlúð að sögu og menningarverðmætum
Mannauður	Hæfir og áhugasamir starfsmenn	Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi		Árangursríkir stjórnunarhættir

Þjónusta

Menningaruppeldi

Mikilvægur hluti starfsemi allra menningarstofnana borgarinnar er fræðsla og miðlun til fólks á öllum aldri. Að auki er eitt af meginmarkmiðum menningarstefnunnar að menning og listir séu snar þáttur í uppeldi og kennslu barna og ungmenna í borginni.

Menningarlegt forystuhlutverk

Reykjavík gegnir menningarlegu forystuhlutverki sem höfuðborg Íslands og ræktar menningarlega sjálfmynd sína. Menningarlífið byggir á menningararfi, frjórri hugsun og frumkvæði og einkennist af fjölbreytni og virkri þátttöku íbúa og gesta. Menningarborgin er ein af fjórum stoðum ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar.

Eftirsóknarverður áfangastaður

Reykjavík er eftirsóttur áfangastaður ferðamanna allt árið um kring og með því verði rennt styrkari stoðum undir fjölbreytt atvinnulíf og menningarstarf í borginni. Hún eflist sem vettvangur ráðstefna og alþjóðlegra viðburða og er þekkt sem áhugaverð menningarborg í nábýli við einstæða náttúru. Menningarlífið í borginni er aðgengilegt öllum og einkennist af fjölbreytni, víðsýni og virðingu.

Nýsköpun

Menningarlíf og ferðaþjónusta í borginni einkennist af þrótti og metnaði og nýtur hvatningar til nýsköpunar og þróunar. Aðstaða og rými er til staðar fyrir fjölbreytta ferðaþjónustu, kraftmikið listalíf og aðra menningarstarfsemi.

Fjármál

Hagkvæm nýting og stýring fjármuna

Lögð er áhersla á markvissa fjármálastjórn, þar sem leitað er hagkvæmstu leiða, með aðhald og skilvirkni að leiðarljósi.

Sterk kostnaðarvitund

Rekstrarleg ábyrgð stjórnenda er skýr og upplýsingar um reksturinn aðgengilegar. Þannig eflist kostnaðarvitund um leið og eðlilegu aðhaldi og eftirliti er viðhaldið.

Verðmætasköpun

Menning og ferðamál eru auðlindir sem leggja grunn að efnahags- og atvinnulífi borgarinnar. Lögð er áhersla á beint og óbeint framlag þeirra og annarrar skapandi starfsemi til efnahagslífsins.

Verklag

Samstarf og samráð

Samstarf og samráð er lykilatriði í menningar- og ferðamálum. Áhersla er lögð á samvinnu milli stofnana og fagsviða borgarinnar og hagsmunaaðila innan lands og utan. Hafa ber samráð við borgarbúa með reglulegum könnunum á viðhorfum þeirra og óskum.

Öflug miðlun

Reykjavíkurborg nýtir upplýsingatækni á markvissan hátt í varðveislu og miðlun menningar. Stuðlað er að aðgengi, gagnvirkni og öflugri dreifingu menningar með hjálp stafrænna miðla.

Hlúð að sögu og menningarverðmætum

Menning, listir og saga eru grunnþættir í þróun borgarinnar. Unnið er fjölbreytt, markvisst og faglegt starf á sviðum söfnunar, rannsókna, varðveislu og miðlunar. Menningararfurinn er sýnilegur í borgarlandinu og áhersla lögð á menningarlega sérstöðu Reykjavíkurborgar.

Mannauður

Hæfir og áhugasamir starfsmenn

Hlúð er að góðum samskiptum meðal starfsmanna, lögð áhersla á samvinnu, virðingu og heiðarleg skoðanaskipti. Starfsmönnum er gefið tækifæri til að auka þekkingu sína og færni.

Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi

Samskipti einkennast af trausti og virðingu og starfsumhverfi er hvetjandi og jákvætt. Lögð er áhersla á að virkja frumkvæði, metnað og frjóa hugsun meðal starfsmanna.

Árangursríkir stjórnunarhættir

Stjórnendur tileinka sér góða stjórnunarhætti, sem m.a. fela í sér jákvætt viðhorf til samstarfsmanna, virkt upplýsingastreymi og dreifingu valds og ábyrgðar.




Skorkort 2018

Vídd / velgengnisþáttur	Mælikvarði	Rauntölur 2016	Áætlun 2017	Markmið 2018
Þjónusta				
Menningaruppeldi	Fjöldi viðburða sérstaklega skipulagðir fyrir börn og fjölskyldur	242	206	201
	Fjöldi barna og unglinga í skipulögðum heimsóknum	43.289	44.600	45.000
Menningarlegt forystuhlutverk	Fjöldi fjölmennigartengdra verkefna og viðburða	60	53	55
	Fjöldi nýrra sýninga á menningarstofnunum	75	68	59
	Hlutfall gesta sem eru ánægðir með viðmót starfsmanna	91%	91%	93%
Eftirsóknarverður áfangastaður	Aðsókn að stofnunum sviðsins	1.597.220	1.583.700	1.624.800
	Ánægja með þjónustu/starfsemi stofnana sviðsins	88%	89%	89%
	Kynningarfundir um Reykjavík sem áfangastað	39	28	28
Nýsköpun	Nýmæli í starfsemi	7	23	9
Fjármál				
Hagkvæm nýting og stýring fjármuna	Fjárhagsáætlun v/raun	-2,0%	+/- 1%	+/- 1%
Sterk kostnaðarvitund	Kostnaður við rekstur stofnana sviðsins pr. gest	1.162	1.231	1.236
Verðmætasköpun	Fjöldi verkefna þar sem samstarfsaðilar fjármagna a.m.k. 15% af kostnaði	41	32	16
	Sértekjur stofnana sviðsins sem hlutfall af ramma	-24%	-26%	-25%
Verklag				
Samstarf og samráð	Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	52	30	27
	Fjöldi samráðsfunda og aðgerða sem hvetja til þátttöku almennings í þróun, stefnumótun og ákvarðanatöku	16	13	14
Öflug miðlun	Fjöldi heimsókna á vefsvæði stofnana sviðsins	1.936.717	2.026.200	2.101.000
	Fjöldi fylgjenda á samfélagsmiðlum	157.018	186.967	194.900
Hlúð að sögu og menningarverðmætum	Fjöldi rannsóknarverkefna	13	16	13
	Fjöldi menningarmerkinga í borgarlandinu			4

Skorkort 2018 - Framhald

Vídd / velgengnisþáttur	Mælikvarði	Rauntölur 2016	Áætlun 2017	Markmið 2018
Mannauður				
Hæfir og áhugasamir starfsmenn	Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir í starfi þegar á heildina er litið		90%	90%
	Hlutfall starfsmanna sem hlakka til að mæta í vinnuna		86%	86%
	Hlutfall starfsmanna sem telur hæfni sína vel nýtt í starfi		85%	85%
	Hlutfall starfsmanna sem telur samvinnu góða á sínum vinnustað		90%	90%
Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi	Hlutfall starfsmanna sem telur sig fá nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starf sitt og/eða vinnustað		80%	82%
	Hlutfall starfsmanna sem hefur verið hrósað fyrir vel unnin störf á síðustu mánuðum		80%	85%
	Hlutfall starfsmanna sem ekki hafa orðið fyrir einelti frá samstarfsfólki á síðustu 12 mánuðum		100%	100%
Árangursríkir stjórnunarþættir	Hlutfall starfsmanna sem bera traust til yfirmanns síns		88%	90%
	Hlutfall starfsmanna sem finnst vinnstað sínum vel stjórnað		80%	86%
	Hlutfall starfsmanna sem hafa farið í árlegt starfsmannasamtal á síðustu 12-15 mán.		85%	90%
	Hlutfall starfsmanna sem hefur fengið tækifæri til símenntunar og starfsþróunar á síðustu 12 mánuðum		90%	90%

* Mannauður - ekki starfsmannakönnun 2016





Reykjavík
Bókmenntaborg
UNESCO



Hlutverk

Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO er menningarskrifstofa sem hefur það hlutverk að miðla bókmenningu og orðlist til borgarbúa og gesta borgarinnar. Hún stendur fyrir lestrarhvetjandi verkefnum fyrir börn og fullorðna, eflir bókmennta- og ritlistarlífið í borginni og gerir bókmenntasögu hennar aðgengilega í borgarlandinu. Hún styður við ímynd Reykjavíkur sem borg orðlistar, innanlands sem utan, og tekur þátt í alþjóðlegu starfi með öðrum Skapandi borgum UNESCO og fleirum. Bókmenntaborgin vinnur eftir leiðarljósi Skapandi borga UNESCO.

Leiðarljós Bókmenntaborgar

Að Reykjavík verði þekkt sem borg orðlistar, jafnt innanlands sem og á alþjóðlegum vettvangi.

Að stoðir hennar verði styrktar í nánu samstarfi þeirra sem koma að menntun, bókmenningu og orðlist á breiðum vettvangi. Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO stendur vörð um tjáningarfrelsi. Einkunnarorð Bókmenntaborgarinnar, Orðið er frjálst, endurspeglar þessa áherslu og með þeim vill Bókmenntaborgin benda á að hvorki einstaklingar né samfélög geta þrífist á heilbrigðan hátt nema þegnum sé frjálst að tjá sig, þrjár sínar og sannfæringu.

Meginmarkmið

Meginmarkmið Reykjavíkur Bókmenntaborgar UNESCO er að styðja við það mikla starf sem er unnið á sviði bókmenningar og orðlistar í Reykjavík. Bókmenntaborgin hvetur til samstarfs og nýrra verkefna á sviði orð- og ritlistar. Hún leggur áherslu á bókmenntaarf þjóðarinnar í starfi sínu og samspil hans við nýsköpun. Einnig vinnur Bókmenntaborgin að því að efla alþjóðatengsl á vettvangi orðlistar og annarra skapandi greina.

Fjármál 2018

FRUMVARP 2018 (í þús. kr.)

Tekjur

Rekstrartekjur 13.640

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 22.429

Innri leiga 13.917

Annar rekstrarkostnaður 35.704

Rekstrarniðurstaða


58.410

Starfsmannafjöldi 2017

Heildarfjöldi starfsmanna 2


Fjöldi stöðugilda 2

Skipting tekna



■ Styrkir ■ Húsaleiga ■ Vörusala
■ Aðrar tekjur ■ Aðgangseyrir

Skipting gjalda



■ Annar kostnaður ■ Laun
■ Innri leiga ■ Innlend samstarfsverkefni
■ Erlend samstarfsverkefni

HELSTU VERKEFNI 2018

Bókmenntaborgin Reykjavík hefur nú starfað í sex ár. Hún skilaði sinni fyrstu skýrslu um starfsemina til um-sagnar hjá UNESCO í árslok 2017 og verður niðurstaðan úr þessu mati kynnt á ársfundi Skapandi borga UNESCO í Kraká í júní 2018. Árið 2018 verður hugað að því að styrkja lykilverkefni Bókmenntaborgarinnar eftir að draga þurfti nokkuð úr slagkrafti þeirra 2017 vegna opunar Gröndalshúss. Sérstaklega verður hugað að Lestrarhátíð í Bókmenntaborg en hún sker sig úr öðrum borgarhátíðum þar sem hún stendur yfir í heilan mánuð. Bókmenntaborgin mun halda áfram að þróa þetta flagg-skip sitt og verður áhersla lögð á að ná til ungs fólks og nýrra lesenda út frá þemanu fullveldi í víðum skilningi. Árið 2017 hófst víðtækt samstarf til eflingar læsis og barnabókmennta undir heitinu Sögur og tekur Bókmenntaborgin áfram virkan þátt í því. Gröndalshús verður rekið með nokkuð breyttu sniði á öðru starfsári sínu, en áhersla lögð á að opna það fyrir fjölbreytta viðburði og móttöku hópa. Icelandair Group styður rekstur hússins út árið og einnig verður áframhaldandi samstarf um bókmenntaviðburði á Kaffislipp á Marina hótelinu. Sleipnisverkefnið verður þróað áfram með efni fyrir grunnskólabörn og mjúkdýri. Hefðbundin verkefni, svo sem þátttaka í borgarhátíðum, Barnabókmenntahátíðin Mýrin og Bókamessa í Bókmenntaborg verða á dagskrá. Bókamessan, sem er haldin af Bókmenntaborginni og Félagi íslenskra bókaútgefenda, flutti úr Ráðhúsi Reykjavíkur í Hörpu 2016 og gerður þriggja ára samningur um staðsetningu hennar þar. Hugað verður að framtíð og þróun messunnar á árinu og standa vonir til að hún verði áfram staðsett í Hörpu. Bókmenntaborgin vinnur með fjölmörgum öðrum aðilum í orðlistageiranum, bæði opinberum og einkaaðilum, og hvetur til samstarfs og samtals hagaðila.

Miðlun

Árið 2018 verður sérstök áhersla lögð á vefmál í framhaldi af opnun nýs vefjar Bókmenntaborgarinnar árið 2017, sem inniheldur nú einnig höfundagrunn Borgarbókasafns, bokmenntir.is. Þessum nýja tvítyngda vef er ætlað að verða óflugt tæki til kynningar á orð- og ritlist í borginni, bæði heima fyrir og erlendis. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að gefa þessum mikilvæga miðli aukið vægi í starfsemi Bókmenntaborgarinnar. Samhliða þessu verður samstarf Bókmenntaborga UNESCO um miðlun og kynningu aukið til muna á árinu. Haldið verður áfram að þróa smáforritið Reykjavík Culture Walks og nýjum göngum bætt í safnið.

Gröndalshús

Gröndalshús var opnað á þjóðhátíðardaginn 2017 með fastasýningu á aðal hæð um fyrrum íbúa þess, Benedikt Gröndal, gestaíbúð í kjallara og vinnurými fyrir skapandi fólk í risi. Forsendur fyrir rekstri hússins breyttust nokkuð frá fyrri áætlunum og verður sýningin aðeins opin yfir sumarmánuðina árið 2018. Eftir sem áður verður tekið á móti hópum allt árið og húsið verður einnig nýtt fyrir fjölbreytta viðburði, smiðjur og fleira

árið um kring. Skáldaíbúð í kjallara hússins er nú komin í fulla notkun og þar dvelja erlendir gestir sem vinna að list sinni meðan á dvölinni stendur. Lista- og fræðimenn hófu störf í risinu haustið 2017 og verður framhald þar á 2018. Þriggja ára stuðningi Icelandair Group við rekstur hússins lýkur á árinu og verður hugað að rekstrinum til framtíðar á árinu.

Sleipnir – lestrarfélagi barnanna



Sleipnir, lestrarfélagi barnanna, heldur áfram flugi sínu á árinu. Leikskólabörnum verður nú sem fyrr boðið að hitta þennan skemmtilega félagi í lestrarstundum á Borgarbókasafni, leikskólar fá bókina um hann til eignar og fylgiefni sem Bókmenntaborgin hefur framleitt fyrir kennara og foreldra. Markmiðið er að öll leikskólabörn í Reykjavík eigi þess kost að kynnast Sleipni áður en þau hefja grunnskólagöngu. Efni fyrir grunnskólabörn sem unnið var 2017 verður innleitt á árinu, en kjarni þess er ný bók um Sleipni eftir Ævar Þór Benediktsson. Alþjóðlegur gagnvirkur vefur um ferðir Sleipnis verður þróaður áfram í samstarfi við Bókmenntaborgina Melbourne í Ástralíu.

Grasrót og fjölmening

Bókmenntaborgin mun halda áfram að styðja við grasrótastarf innan orðlistar og leggur áherslu á samstarf við nýgræðinga í þessum geira, fjölmeningu og nýsköpun. Sérstaklega verður hugað að innleiðingu nýrrar fjölmeningarstefnu sviðsins og einnig verður áhersla lögð á samstarf við unga orðlistamenn í tengslum við alþjóðleg verkefni sem Bókmenntaborgin tekur þátt í.

Alþjóðastarf

Bókmenntaborgin tekur þátt í alþjóðlegu starfi Skapandi borga UNESCO og öðrum alþjóðlegum verkefnum sem tengjast bókmenntum og orðlist og horfir þar sérstaklega til stækkandi samstarfsnets Skapandi borga. Bókmenntaborgir UNESCO hafa með sér fjölbreytt samstarf, bæði formlegt og óformlegt, og eiga verkefnastjórar Bókmenntaborgarinnar sæti í vinnuhópum og taka þátt í mótun og innleiðingu fjölbreyttra verkefna í innra og ytra starfi samtakanna. Áframhaldandi samstarf verður við Goethe stofnun í Kaupmannahöfn um að bjóða þýskum gestaríthöfundi að dvelja um nokkurra vikna skeið í Reykjavík og hugað að víðara samstarfi varðandi



gestadvöl erlendra höfunda í Reykjavík og íslenskra höfunda erlendis. Vaxandi fjöldi Bókmenntaborga UNESCO býður rithöfundum frá öðrum borgum í netinu til gestadvalar og tekur Bókmenntaborgin Reykjavík þátt í því ferli gagnvart íslenskum höfundum.

Fræðsla

Bókmenntaborgin tekur á móti hópum í Gröndalshúsi, hvort sem það eru skólahópar á öllum stigum eða aðrir. Þar fá þeir fræðslu um Benedikt Gröndal og Reykjavík á hans tímum og boðið er upp á verkefnavinnu fyrir skólahópa. Á Lestrarhátíð í Bókmenntaborg er útbúinn hugmyndabanki fyrir leik- og grunnskólastigið út frá þema

ársins sem kennarar og starfsfólk frístundamiðstöðva geta nýtt sér. Boðið er upp á Sleipnisstundir fyrir leikskólabörn í samvinnu við Borgarbókasafn og árið 2018 verður í fyrsta sinn boðið upp á Sleipnisstundir fyrir grunnskólabörn. Markmiðið með Sleipnisstundum er að hvetja til yndislesturs og ýta þannig undir læsi út frá lestrargleði.

Viðburðadagatal Bókmenntaborgar 2018

Allt árið	Mánaðarlegir bókmenntaviðburðir á Hótel Marina; Lestrarstundir með Sleipni fyrir leikskólabörn Lestrarstundir með Sleipni fyrir grunnskólabörn Móttaka hópa í Gröndalshúsi
Mars	Alþjóðlegur dagur ljóðsins
Apríl	Barnameningarhátíð; Vika bókarinnar
Maí	Alþjóðadagur menningarlegrar fjölbreytni
Ágúst	Menningarnótt
September	Mýrin, alþjóðleg barnabókmenntahátíð
Október	Lestrarhátíð í Bókmenntaborg
Nóvember	Bókamessa í Bókmenntaborg

Lykiltölur Bókmenntaborg UNESCO	Rauntölur	Rauntölur	Útkomuspá	Markmið
Alþjóðleg samstarfsverkefni	6	13	8	5
Þátttaka leikskóla í Lestrarhátíð	14%		60%	70%
Þátttaka grunnskóla í Lestrarhátíð	100%		100%	90%
Vitund almennings um Lestrarhátíð	33%	24%	20%	35%

* Könnun ekki framkvæmd 2016



United Nations
Educational, Scientific and
Cultural Organization



Reykjavík
City of Literature

Member of the UNESCO Creative
Cities Network since 2011

UNESCO Creative Cities Network

Leiðarljós

Samstarfsnet Skapandi borga UNESCO / UNESCO Creative Cities Network (UCCN) var sett á laggirnar árið 2004. Það vinnur að því að efla samvinnu innan og milli borga sem hafa viðurkennt skapandi starf sem stefnumarkandi þátt í sjálfbærri þróun borga í efnahagslegu, félagslegu, menningarlegu og umhverfislegu tilliti.

Með því að ganga í samstarfsnetið skuldbinda borgir sig til að deila árangursríkum starfsháttum og þróa samstarf sem ýtir undir sköpun og skapandi greinar, styrkir þátttöku í menningarlífi og til að gera menningu að hluta af borgarskipulagi og þróun borgarinnar.

Samstarfsnet skapandi borga UNESCO tekur til sjö listsviða: bókmennta, handverks og alþýðulista, hönnunar, kvikmyndalistar, margmiðlunarlistar, matagerðarlistar og tónlistar.

Markmið

Samstarfsnet Skapandi borga UNESCO stefnir að því að:

- styrkja alþjóðlega samvinnu milli borga sem hafa viðurkennt skapandi starf sem stefnumarkandi þátt í sjálfbærri þróun borga;
- ýta undir og auka framtak innan borgarinnar sem

stuðlar að því að skapandi starf sé stefnumarkandi hluti borgarþróunar, sérstaklega með samvinnu opinberra aðila, einkaaðila og borgaranna;


- styðja við sköpun, framleiðslu, dreifingu og miðlun menningarviðburða, -varnings og þjónustu;
- skapa menningar- og nýsköpunarkjarna og auka tækifæri fyrir skapandi fólk og fagfólk í menningar-geiranum;
- bæta aðgengi að og þátttöku í menningarlífi svo og neyslu á menningarlegri sköpun og þjónustu, ekki síst með tilliti til jaðarhópa og þeirra sem eiga undir högg að sækja;
- menning og skapandi starf sé hluti af opinberri stefnumörkun í borgarþróun og -skipulagi.

Aðgerðaáætlun

Markmið samstarfsnets Skapandi borga UNESCO eru innleidd innan hvers borgar í samstarfsnetinu, svo og á alþjóðlegum vettvangi, og er sérstaklega hugað að eftirfarandi:

- að deila reynslu, þekkingu og árangursríkum starfsháttum;
- frumkvöðlaverkefnum, samstarfi og að stuðlað sé að samvinnu milli einkaaðila, opinberra aðila og almennra borgara;
- vinnuskiptum og samstarfsneti fyrir fagaðila og listamenn;
- rannsóknum, könnunum og mati á reynslu Skapandi borga UNESCO;
- stefnumörkun og leiðum til að stuðla að sjálfbærri þróun borga;
- starfi á sviði miðlunar og vitundavakningar.







BORGARBÓKASAFNIÐ
MENNINGARHÚS



Hlutverk

Borgarbókasafn Reykjavíkur er allhiða upplýsinga- og menningarstofnun og meginhlutverk þess er að jafna aðgengi að menningu og þekkingu. Lögð er áhersla á gott aðgengi borgarbúa á öllum aldri að þjónustu, fræðslu og viðburðum á sviði menningar og lista.

Leiðarljós

Borgarbókasafn Reykjavíkur standi, í alþjóðlegu umhverfi, jafnfætis bestu almenningsbókasöfnum og menningarhúsum hvað varðar þjónustu, búnað og viðburðahald. Starfsemin beri vott um fagmennsku, virðingu, víðsýni og sköpunarkraft.

Meginmarkmið


- **Lýðræði:** Borgarbókasafn eflir lýðræði og jöfnuð. Þjónusta safnsins skal ná til allra borgaranna án tillits til aldurs, kyns, kynþáttar, stjórnmálaskoðana, trúar, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu. Þannig eflir það lýðræði, jafnrétti, athafnafrelsi og velferð borgaranna.
- **Menning:** Borgarbókasafn er miðstöð mannlífs og menningar. Borgarbókasafn Reykjavíkur er menningarstofnun í víðustu merkingu þess orðs. Þar mætast ólíkir hópar sem gefa raunsanna mynd af hinni margvíslegu menningu samfélagsins.
- **Menntun:** Borgarbókasafn er vettvangur barna, ungmenna og fullorðinna til að uppgötva og rannsaka heiminn og þróa þannig hæfileika sína og tækifæri. Menntun, líkt og menning, er liður í þroska og þróun hvers einstaklings, óháð því hvernig hennar er aflað.
- **Uppspretta:** Borgarbókasafn er vettvangur hugmynda, sköpunar og upplifunar. Einstaklingar og hópar hafa tækifæri til að örva andann og sköpunarkraftinn, hvort sem það er í gegnum samskipti við aðra, þátttöku, menningu og listir.
- **Fyrirmynd:** Borgarbókasafn Reykjavíkur er upplýsinga- og menningarmiðstöð sem gegnir forystuhlutverki meðal almenningsbókasafna landsins og sækir fyrirmynd sína til fremstu safna heims.

Fjármál 2018


FRUMVARP 2018 (í þús. kr.)

Tekjur	
Rekstrartekjur	48.930
Gjöld	
Laun og launatengd gjöld	610.422
Innri leiga	194.852
Annar rekstrarkostnaður	235.708
Rekstrarniðurstaða	992.052
Starfsmannafjöldi 2017	
Heildarfjöldi starfsmanna	103
Fjöldi stöðugilda	80,5

Skipting tekna



Skipting gjalda



Borgarbókasafnið starfar samkvæmt bókasafnalögum nr. 150/2012. Það hefur yfirlýsingu frá UNESCO um almenningsbókasöfn frá 1994, menningarstefnu Reykjavíkurborgar, mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og samþykkt um Borgarbókasafn frá 2015 að leiðarljósi í starfi sínu.

Borgarbókasafnið rekur sex starfsstaði í Grófinni, Gerðubergi, Kringlunni, Spönginni, Sólheimum og Árbæ ásamt samreknu skóla- og almennings safni í Norðlingaholti. Einnig rekur safnið bókabílinn Höfðingja og sögubílinn Æringja.

HELSTU VERKEFNI 2018

Í almenningsbókasöfnum víða um heim er sjónum beint í auknum mæli að notendum og þörfum þeirra og tekur Borgarbókasafnið þátt í þeirri þróun. Ný þjónustustefna var sett fram árið 2016 með það fyrir augum að bæta þjónustu safnsins, gera hana markvissari, samræma hana þvert á söfnin og ekki síst að stuðla að aukinni þjónustuvitund starfsmanna.

Árið 2018 verður þjónustustefnunni fylgt vel eftir og verður leitast við að koma til móts við þarfir og óskir borgaranna með því að hitta þá og eiga við þá samtal. Sjónum verður einnig beint að starfsmönnum og þeirra hugmyndum um góða þjónustu. Rafræn þjónusta og miðlun verður bætt enn frekar á árinu og rýnt verður í ýmsa aðra þætti, svo sem rekstur bílanna, þeirra Höfðingja og Æringja. Viðburðadagskráin er fjölbreytt að vanda og mikill metnaður er lagður í að þróa áfram fræðsludagskrá fyrir alla aldurshópa. Stækkun Grófarinnar og tenging hennar við nýbyggingu og hönnun nýs safns í Úlfarsárdal eru einnig atriði sem verða í brennidepli á árinu.

Notendur við stjórn

Rýnihópar, sem settir verða saman úr núverandi og skilgreindum framtíðarnotendum, verða settir á laggirnar. Markmiðið er að rýna upplifunarferlið og fá upplýsingar um óskir þeirra og þarfir. Í kjölfarið verður aðgerðar-áætlun þjónustustefnu uppfærð í samræmi við niðurstöður. Í þessari vinnu verður einkum lögð áhersla á að ná til nýrra notenda, marka leiðina til þeirra og leggja skýrari línur fyrir hvert safn og sérstöðu þess.

Samvera, tilraunir og rafræn þjónusta

Viðburða- og sýningarhald í menningarhúsum Borgarbókasafnsins er í sífellri þróun og verður á árinu tekið til endurskoðunar, einkum í Gerðubergi þar sem enn meiri áhersla verður lögð á barnamenningu og fjölmenningu, með samveru, upplifun, miðlun og menningarlausni að leiðarljósi.

Tilraunaverkstæðið vex og dafnar með virkri þátttöku ungmenna. Tilraunamennskan heldur áfram og nú er komið að því að fullorðnir fái aðgang að spennandi tækjabúnaði og forritum sem ýta undir sköpunargleðina.

Fræðsludagskrá safnsins verður í brennidepli og nýjar lendar kannaðar. Unnið verður að gerð námsefnis í tengslum við safnkynningar fyrir skólabörn. Við undirbúning þess verður leitað til barna og kennara og kannað hvernig við getum komið enn betur til móts við óskir þeirra og þarfir. Fræðslutengdir viðburðir og kynningar á áhugaverðum viðfangsefnum verða áfram í boði. Mikill áhugi er á nýja Rafbókasafninu sem og ýms konar rafrænni þjónustu og býðst gestum að fá aðstoð við fyrstu skrefin, s.s. að hlaða niður forritum í eigin tæki og æfa sig í notkun þeirra.

Stefnt er að því að opna tilraunaverkstæðið smám saman í fleiri söfnum en þau munu taka mið af sérstöðu hvers safns, óskum gesta og aðstöðu.

„Sjöunda bókasafnið“

Vefþróun er sífellt mikilvægari hluti af starfsemi og með nýjum vef, sem lítur dagsins ljós í byrjun árs 2018,



verður sjöunda bókasafninu í raun bætt við. Þjónustan verður aukin til muna og geta gestir skoðað, pantað og tekið frá efni á heimasíðu Borgarbókasafnsins. Á nýja vefnum, og með aðgengi að samfélagsmiðlum, geta gestir skipst á skoðunum um bækur, skrifað umsagnir eða kynnt sér meðmæli frá starfsmönnum safnanna, bæði á vef og í hlaðvarpinu. Auk þess verður boðið upp á bókmenntafréttabréf þar sem áskrifendur fá fréttir af nýjum bókakosti og bókmenntatengdum viðburðum á söfnunum. Þar verður einnig vísað á nýjar greinar og umfangllun fagfólks og gesta sem birtar verða á bókmenntavefnum eða vef Borgarbókasafnsins. Hlaðvarpið verður áfram fastur liður þar sem starfsmenn bókasafnsins fjalla um bókmenntir frá ýmsum sjónarhornum. Hlaðvarps-hljóðverið verður líka opnað áhugasömum gestum sem vilja nýta aðstöðuna. Drög að stefnu fyrir stafræna þróun Borgarbókasafnsins er í vinnslu og verður lögð fram vorið 2018.

Opin bókasöfn eða „meiri“ opnun

Víða erlendis eru svokölluð Opin bókasöfn eða „meiri“ opnun að ryðja sér til rúms, sérstaklega á Norðurlöndunum. Fýsileiki slíkrar tilhögunar var skoðaður á árinu 2017 og liggur nú fyrir minnisblað um verkefnið. Skoðað var hvað slíkt safn myndi kosta en stofnkostnaður felst í kaupum á aðgangskerfi sem er sérhannað fyrir opin bókasöfn auk kostnaðar við rekstur kerfisins. Kannað var meðal gesta hvort þeir myndu nýta sér slíka opnun. 60% svarenda töldu að þeir myndu gera það. Reynslan af slíkrum þjónustu þykir góð í Danmörku, útlán hafa aukist og gestahópurinn breikkað. Ekki er gert ráð fyrir fækkun starfsfólks því rannsóknir sýna að gestir vilja áfram koma í söfnin til þess að fá leiðbeiningar og aðstoð. Opn bókasöfn þýða hins vegar aukna þjónustu, betri nýtingu á húsnæði og sveigjanlegri opnunartíma. Stefnt er að því að opna söfn Borgarbókasafnsins með slíkum hætti, fáist fjármagn til þess.

Borgarbókasafnið er allra

Árið 2018 markar tímamót í fjölmenningsstarfi Borgarbókasafnsins sem hóf göngu sína með ráðningu verkefnastjóra fyrir 10 árum. Fjöldi verkefna hafa orðið til á þessum árum og einkennast af fjölbreyttu og skapandi starfi. Þar má nefna Menningarmót – Fljúgandi teppi, heimanámsaðstoðina Heilahristing, Söguhring kvenna, Café Lingua og tilraunaverkefnið Lestrarvini sem er að hollenskri fyrirmynd.

Fjölmenningsartengd verkefni safnsins eru í stöðugri þróun og byggja á mikilvægu samstarfi við einstaklinga, félög og stofnanir innanlands sem utan, þar sem tungumál og heimsmenning skipa stórt hlutverk.

Starfið hefur verið kynnt, og í sumum tilfellum innleitt, utan landsteinanna, í Tékklandi, Kanada, Danmörku, Svíþjóð, Belgíu, Spáni og Grikklandi.

Til að fagna þessum 10 ára áfanga verður haldin norræn ráðstefna í Veröld – húsi Vigdísar, 24. og 25. maí 2018 þar sem reynslu Borgarbókasafnsins og samstarfsaðila á sviði fjölbreyttrar menningar og tungumála verður

miðlað. Ráðstefnan verður haldin í samvinnu við Veröld, norska menningarráðið, Norrænu ráðherranefndina og íslensku UNESCO nefndina.

Lestur, læsi, börn og unglingar

KrakkaRÚV, Menntamálastofnun, IBBY á Íslandi, Síung, Bókmenntaborgin Reykjavík UNESCO og Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri eru að hefja samstarf um verkefni sem ber heitið Sögur. Markmiðið er auka lestur og menningarläsi barna og hvetja þau til sköpunar og virkrar þátttöku. RÚV mun taka á mót sköpunarverkum barna og matreiða þau í sjónvarpi og útvarpi. Stefnt er að því að verkefninu ljúki á Barnamenningarhátíð vorið 2018 með allsherjar uppskeruhátíð í Hörpu.

Borgarbókasafnið tekur virkan þátt í verkefninu og hefur m.a. hug á að bjóða börnum að koma með rit-



smíðar sínar í safnið og vinna með þær undir handleiðslu rithöfundar.

Lestrarhvatning er sem fyrr rauður þráður í starfsemi en á haustmánuðum 2017 rak á fjörur safnsins nýtt verkefni sem á rætur að rekja til Hollands. Það gengur undir heitinu Lestrarvinir og felst í því að sjálfbodaliðar, sem vilja taka að sér hlutverk Lestrarvina, heimsækja fjölskyldur og lesa upphátt fyrir börnin. Hver fjölskylda fær lestrarvininn í heimsókn einu sinni í viku á 20 vikna tímabili. Lestrarvinurinn tekur með sér spennandi bækur sem hæfa aldri barnsins og lestrarbókanna sem sérstaklega var hönnuð fyrir verkefnið. Markmið verkefnisins er að vekja áhuga barna og fjölskyldna þeirra á bókum og lestri og að aðstoða börn sem hafa lítinn leskilning.

Rúllandi fróðleikur - þekking um alla borg

Bókabíllinn Höfðingi er kominn til ára sinna og huga þarf að nýjum bíl á komandi árum. Rekstur og þjónusta bókabílsins verður rýnd og skoðað hvort þar felist ný tækifæri, en núverandi Höfðingi hefur þjónað borgarbúum frá árinu 2000. Einnig verður þjónusta og rekstur Sögubílsins Æringja skoðaður samhliða.

Stiklur úr viðburðadagatali Borgarbókasafnsins 2017

Janúar	Kona á skjön – sýning um ævi og störf Guðrúnar frá Lundi • Petr Kopl – Myndskreytingar úr bókum Veroniku Válková • Þetta vilja börnin sjá – farandsýning • Guðrún Benedikta – málverkasýning
Febrúar	Vetrarhátíð • Vetrarfrí grunnskólanna • Alþjóðadagur tungumálsins • Ljóðadjamm – smiðjur Guðmundur W. Vilhjálmsson – myndlistarsýning • Barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar - Tilnefningar
Mars	Hildur Björnsdóttir – Ljósmyndasýning • Guðrún Gunnarsdóttir – myndlistarsýning
Apríl	Barnamenningarhátíð • Ljóðaslamm • Bókaverðlaun barnanna
Mái	Norræn ráðstefna um fjölmenningu • Myndasögusýning og samkeppni • Útskriftarsýning nema í grafískri hönnun við Borgarholtsskóla
Júní	Tölvuleikjasýning • Heima-menn – sýning á Listahátíð í Reykjavík
Júlí	Kvöldgöngur • Bókmenntagöngur á ensku • Sumarlestur • Reykjavík Safarí
Ágúst	Uppskeruhátíð sumarlesturs • Dagskrá á Menningarnótt • Kvöldgöngur • Bókmenntagöngur á ensku
September	Ingibjörg Ágústsdóttir – Þjóðsögur - Tréútskurðarsýning • Bókasafnadagurinn • Evrópski tungumáladagurinn
Október	Lestrarhátíð • Ritþing • Ingibjörg Kristjánsdóttir – Textílsýning
Nóvember	Dagur íslenskrar tungu • Tónleikar í tengslum við Iceland Airwaves
Desember	Jólaleiksýning • Jólaföndur • Upplestur úr nýjum bókum • Jólasögustundir • Jólalabingó • Bókmenntakynningar fyrir unglunga
Fastir viðburðir yfir vetrar-mánuði	Jazz í hádeginu – tónleikaröð • Fjölskyldudagskrá um helgar Fjölskyldustundir • Sögustundir • Safnkynningar • Heilahristingur • Tækni- og tilraunaverkstæði • Hundar sem hlusta • Leshringir fyrir börn og fullorðna • Lesum blöðin saman • Café Lingua • Söguhringur kvenna • Menningarmót • Handverkskaffi • Lífsstílskaffi • Leikhúskaffi • Sagnakaffi • Heimspækikaffi • Bókakaffi • Í leiðinni – fyrirlestraröð • Viðkoma – viðburðaröð • Skrifstofan – samfélag skrifandi fólks • Þrjónakaffi • Kvæðamannafélagið lðunn - æfingar og félagsfundir • Æringi sækir leikskóla- og frístundaheimili heim • Fyrirlestrar og aðrir viðburðir í samstarfi við Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO
Fastir viðburðir yfir sumar-mánuði	Kvöldgöngur • Bókmenntagöngur á ensku • Sumarlestur • Sumarbingó • Ritsmiðjur
Árið um kring	Sýningarhald af ýmsum toga í Gerðubergi, Grófinni, Spönginni, Árbæ og Kringlunni • Kvikmyndasýningar og aðrir viðburðir í Kamesi • Útstillingar á safnkosti í tengslum við ýmsa merkisdaga, hátíðir og annað • Þátttaka starfsstaða, bókabílsins Höfðingja og sögubílsins Æringja í hverfishátíðum borgarinnar • Bókmenntagöngur eftir pöntunum



Fræðsluverkefni Borgarbókasafnsins

<p>Leikskólabörn</p>	<p>Sögustundir • Koffort - farandbókasafn • Safnkynningar • Sögubíllinn Æringi • Heimsóknir og leiðsagnir um sýningar • Menningarmót</p>
<p>1.- 7. bekkur grunnskóla</p>	<p>Bókaverðlaun barnanna • Myndasögusamkeppni og -sýning Heimsóknir og leiðsagnir um sýningar • Heilahristingur - heimanámsaðstoð • Menningarmót • Lestrarhvetjandi verkefni • Heimsóknir á Tilraunaverkstæðið • Tækni-klúbbur (tilboð til barna eftir skóla á daginn) • Heimsóknir bókavarda í skóla með áhugaverðar bækur • Leslistar • Bókaspjall • Safnkynningar fyrir 4. bekkina • Námskeið í meðferð bóka</p>
<p>8. - 10. bekkur grunnskóla og nemendur framhaldsskóla</p>	<p>Bókakynning í desember • Myndasögusamkeppni og -sýning Heimsóknir og leiðsagnir um sýningar • Kynning á myndasögu- og unglíngadeild í Grófinni Heilahristingur - heimanámsaðstoð • Menningarmót • Ljóðadjamm - vinnusmiðjur í ljóðtextagerð og flutningi ljóða • Ljóðaslamm uppskeruhátíð • Vinnustofur í myndasagnagerð • Bókaspjall</p>

Lykiltölur Borgarbókasafn Reykjavíkur	Rauntölur 2015	Rauntölur 2016	Útkomuspá 2017	Markmið 2018
Gestafjöldi - heildartala	684.661	635.765	640.300	644.500
- Aðalsafn	195.397	194.430	185.400	185.000
- Kringlusafn	106.878	87.768	99.200	99.000
- Sólheimasafn	66.985	60.190	57.700	57.500
- Gerðubergssafn	162.008	154.187	159.700	161.000
- Foldasafn	79.672	76.826	79.400	80.000
- Ársafn	54.695	44.879	42.900	42.500
- Bókabíll	12.542	12.521	11.000	12.000
- Æringi	2.790	2.138	2.400	2.500
- Norðlingaholtsskóli	3.694	2.826	2.600	5.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	11.150	13.941	12.800	12.800
Fjöldi viðburða fyrir börn og fjölskyldur	120	143	115	115
Fjöldi heimsókna á vefi BBS	206.740	221.813	220.000	230.000
Fjöldi uppflettinga á vefi BBS	510.083	570.650	576.000	580.000
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	5	2	1	3
Samstarfsaðilar	65	66	61	60
Safnkostur	465.303	434.847	421.000	412.000
Safnkostur á íbúa	3,82	3,53	3,37	3,3
Velta safnkosts-útlán á eintak	1,79	1,7	1,63	1,7
Heildarhúsnæði í fermetrum-brúttó	9.122	9.122	9.122	9.122
Útlán	832.782	737.419	684.600	701.500
- Aðalsafn	215.589	185.063	159.000	159.000
- Kringlusafn	162.153	129.673	138.800	138.000
- Sólheimasafn	95.421	87.713	84.000	83.500
- Gerðubergssafn	117.362	108.413	92.000	105.000
- Foldasafn	140.871	133.683	128.000	129.000
- Ársafn	85.556	78.605	71.500	71.000
- Bókabíll	12.441	11.177	9.000	10.000
- Norðlingaholtsskóli	3.389	3.092	2.300	6.000
Bókin heim (fjöldi notenda)	39	45	37	45
Útlán á íbúa	6,84	5,98	5,49	5,62





BORGARSÖGUSAFN
REYKJAVÍKUR



Hlutverk

Borgarsögusafn Reykjavíkur starfar samkvæmt lögum um starfsemi safna og menningarminjar og samþykktum og siðareglum Alþjóðaráðs safna. Safnið stuðlar að varðveislu menningarminja í Reykjavík með þeim hætti að borgarbúar og gestir þeirra hafi sem bestan aðgang að menningararfi borgarinnar.

Sýningarstaðir safnsins eru í Árbæjarsafni, Landnáms-sýningunni í Aðalstræti, Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Sjóminjasafninu í Reykjavík og Viðey, auk þess sem starfsemi safnsins er gerð sýnileg með öðrum hætti, t.d. með sögugöngum, útgáfu og menningarmerkingum í borgarlandinu.

Hlutverk safnsins er að safna, skrásetja, varðveita og rannsaka menningarminjar sem eru einkennandi fyrir menningararf borgarinnar og miðla sögu hennar og menningu frá landnámi til samtímans. Safnið sinnir minjavörslu í Reykjavík og heldur skrár yfir fornleifar, hús og mannvirki í borginni. Safnið sinnir sýningarhaldi, fræðslustarfsemi og útgáfu í samræmi við fjárhags- og starfsáætlun ár hvert.

Leiðarljós

Borgarsögusafn Reykjavíkur hefur það að leiðarljósi að vera í sterkum og sýnilegum tengslum við samfélagið, vera áreiðanlegt, upplýsandi og aðgengilegt, hvetja gesti sína til þátttöku og þjóna öllum af alúð.

Það skal sýna fagmennsku við söfnun, skráningu og varðveislu á menningarminjum, miðla fjölbreyttri sögu borgarinnar á forvitnilegan hátt, vekja fólk til umhugsunar, vera skapandi og skemmtilegt.

Starfsemi Borgarsögusafns skal vera kraftmikil, traust, markviss og skýr.

Meginmarkmið

- að tryggja samhengi milli allra sviða safnastarfsins: Söfnunar, rannsókna, varðveislu, sýninga og fræðslu
- að rannsaka og sýna margbreytileika sögunnar, menningar og mannlífs
- að leyfa ólíkum röddum að heyrast
- að sinna þekktum gestahópum vel auk þess að laða aðra hópa að safninu með markvissum aðgerðum
- að skapa umræðu og efla gagnrýna hugsun
- að vera vettvangur fyrir skapandi starf
- að vera gestrisin og veita faglega þjónustu
- að vera opin fyrir samstarfi við aðrar stofnanir, félög og einstaklinga

Fjármál 2018

FRUMVARP 2018 (í þús. kr.)

Tekjur

Rekstrartekjur 252.867

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 337.316

Innri leiga 141.392

Annar rekstrarkostnaður 256.167


Rekstrarniðurstaða 482.008

Starfsmannafjöldi 2017

Heildarfjöldi starfsmanna 61


Fjöldi stöðugilda 36,6

Skipting tekna



■ Aðgangseyrir ■ Styrkir ■ Vörusala
■ Aðrar tekjur ■ Húsaleiga

Skipting gjalda



■ Launakostnaður
■ Annar kostnaður
■ Innri leiga
■ Bryggja og ferja Viðey

HELSTU VERKEFNI 2018

Borgarsögusafn Reykjavíkur sinnir rannsóknum á menningarsögulegum minjum í borginni og miðlun þekkingar um þær. Ein megináherslan í starfi safnsins er á verkefni er lúta að innra starfi; varðveislu, skráningu og rannsóknum, en jafnframt stendur safnið fyrir fjölbreyttri miðlun sem felur m.a. í sér safnfræðslu og sýningar. Markmið safnsins er að skapa fjölbreytta og spennandi dagskrá fyrir börn og fjölskyldur, jafnt innlendar sem erlendar, á öllum starfsstöðvum safnsins og eiga í lifandi samtali við samtímann í borginni.

Á fundi borgarráðs þann 14. september 2017 var samþykkt tillaga borgarstjóra um kaup Reykjavíkurborgar á húsinu Aðalstræti 10. Þá samþykkti borgarráð einnig að setja upp sýningu um sögu Reykjavíkur í húsinu undir forystu Borgarsögusafns. Því er ljóst að auk nýrrar grunnsýningar í Sjóminjasafninu þá verður fyrirhuguð sýning í Aðalstræti eitt af stærri verkefnum safnsins sem tekur til allrar starfsemi þess á árinu 2018.

Stolt siglir fleyið mitt – ný grunnsýning Sjóminjasafnsins í Reykjavík

Stærsta verkefni Borgarsögusafns og nær til allrar starfsemi þess er ný grunnsýning á Sjóminjasafninu, en hún verður opnuð sumarið 2018. Sjóminjasafnið er til húsa á Grandagarði 8 en Grandinn er í mikilli sókn og safnið sér það sem mikilvægan þátt í sínu starfi að taka á móti þeim mikla fjölda ferðamanna sem kemur til landsins.

Sjávarútvegur hefur verið aðalatvinnuvegur Íslendinga um árabil og hefur skapað landsmönnum þau efnahagslegu gæði sem þeir njóta nú. Það er eðlilegt og

mikilvægt að Íslendingar og gestir okkar fái tækifæri til að skoða á einum stað hvernig atvinnuvegurinn hefur þróast og haft áhrif á aðstæður fólks í landinu.

Íslendingar búa á eyju og samskipti þeirra við hafið hafa haft mótandi áhrif, ekki bara á efnahagslíf heldur einnig á menningu, tilfinningalíf og lífsviðhorf. Ný sjóminjasýning er hugsuð fyrir margs konar hópa fólks, einn hinn mikilvægasti er fjölskyldur sem saman geta notið skemmtunar og menntunar á einum og sama stað. Hugsuð er sérstaklega fyrir þessum hópi í hönnun sýningarinnar, sem og vaxandi hópum ferðamanna. Með nýrri grunnsýningu Sjóminjasafnsins eignast fyrirtæki í sjávarútvegi „heimili“ og geta komið með gesti sína til að sýna inntak og þróun atvinnuvegarins og breið skírskotun sýningarinnar gerir það að verkum að fyrirtæki af mörgu tagi eiga þangað erindi.

Hornsteinninn í starfi safna er fræðsluhlutverk þeirra. Á nýrri sjóminjasýningu verður mikil áhersla lögð á fræðslu með þátttöku nemenda. Á fyrri hluta árs 2018 verður unnið að dagskrá fyrir hópa allt frá leikskóla til háskóla í tengslum við nýju sýninguna. Þá er unnið að öflugri kynningar- og viðburðadagskrá sem vekja mun athygli og áhuga jafnt innlendra sem erlendra gesta á þessu stærsta safni landsins sem tileinkað er sögu helsta lifibrauði þjóðarinnar, sjávarútveginum.

Vinna við þessa sýningu er afar mannfrek og koma flestir starfsmenn safnsins með einum eða öðrum hætti að vinnu hennar. Munir hafa verið hreinsaðir og forvarðir og undirbúnir fyrir komandi sýningu. Við niðurtækt gömlu sjóminjasýningarinnar verður gengið frá gripum, þeir flokkaðir og hreinsaðir áður en þeir fara í





varðveislurými sjóminja í Skemmu II á Árbæjarsafni. Starfsmenn mun meðal annars sjá um uppsetningu gripa á sýningunni auk smíða á ýmsum hlutum er viðkoma umgjörð sýningarinnar. Ljósmyndir úr safneign Ljósmyndasafnsins verða ríkur þáttur í umgjörð sýningarinnar en töluverð rannsókn hefur verið gerð á þeim í tengslum við handritagerð sýningarinnar.

Að haga seglum eftir vindi – þjónusta og rekstur

Boðið verður upp á leiðsagnir fyrir ferðamenn á öllum sýningarstöðum safnsins allt árið og fjölskylduvæna dagskrá jafnt sumar sem vetur. Þó verður Sjóminjasafninu lokað fram í mars vegna undirbúnings nýrrar grunn-sýningar. Með breytingu á starfsemi og þjónustu á Árbæjarsafni verður starfsmannafjöldi aukinn í samræmi við þær nýjungar en frá og með september 2017 var opnunartími safnsins lengdur en nú er safnið opið að hluta frá 13 til 17 alla daga fram til 1. júní.

Á árinu verður unnið að því markmiði að gera gestakannanir tvisvar á ári á sýningarstöðum Borgarsögusafns en öflug gagnaoöflun er nauðsynleg fyrir stefnumótunarvinnu sem farið verður í á haustmánuðum. Þá verður unnið að verkferlum fyrir starfsfólk sem sinnir afgreiðslu á sýningarstöðunum. Unnið verður að endurbótum á rými á jarðhæð Sjóminjasafnsins miðasölu og safnbúð í tengslum við vinnu á grunn-sýningu safnsins.

Áfram verður haldið að aðlaga útliti alls kynningaræfnis, hvort sem er í bæklingagerð, útliti heimasíðu, á samfélagsmiðlum eða plakötum að nýrri vörumerkjastefnu („branding“) safnsins sem lokið var við árið 2017. Þá verður undirbúin kraftmikil kynningarherferð fyrir enduroppnun Sjóminjasafnsins.

Við sameiningu Borgarsögusafns var unnið að stefnumótun fyrir allar deildir safnsins til ársins 2017. Ákveðið var að fresta vinnu við stefnumótun árið 2017 fram til haustsins 2018 í ljósi þess að þá yrði vinnu við nýja grunn-sýningu Sjóminjasafnsins lokið. Því verður á haustmánuðum farið í að móta stefnu næstu fimm ára hjá öllum deildum safnsins, skerpa og skilgreina betur ef þörf þykir. Allir starfsmenn taka þátt í stefnumótun safnsins.

Borgarsögusafn tekur þátt í starfshópi um menningarmerkingar í Reykjavík eins og áður, auk þess að sjá um textagerð fyrir merkingarnar. Stefnan er m.a. að setja upp merkingar í Grímsstaðavör. Önnur árviss verkefni innan Reykjavíkurborgar eru þátttaka í starfshópum um Húsvendarsjóð og Fegrunarviðurkenningar Reykjavíkurborgar. Borgarsögusafn tekur einnig þátt í vinnu vegna nýbyggingar við Tryggvagötu 15.

Sem endranær er töluverð ásókn erlendra sem innlendra nema í starfsnám á Borgarsögusafni og framhald verður á því samstarfi.

Gull úr greipum Ægis – minjavarsla og rannsóknir

Lögð verður áhersla á aukið öryggi safngripa með áframhaldandi vinnu við hilluskra og vinnu við undirbúning að innleiðingu strikamerkjakerfis í samvinnu við rekstrarfélag Sarps, sem er menningarsögulegur gagnagrunnur á landsvísi. Áhersla verður lögð varðveislur gripa í varðveisluhúsunum, það er Kletti, Vörðu og Skemmu I auk húsgagna í Skemmu II. Áætlun um uppbyggingu og endurnýjun varðveisluhúsa á safnsvæði Árbæjarsafns verður uppfærð og endurskoðuð í samræmi við fjárhagsáætlun.

Hvað varðar safnkost verður unnið með textílasafnið, áframhaldandi flokkun á því og mat gripa. Einnig verður unnið að skólahandavinnu, hún ljósmyndað og skráð í Sarp, auk almenns frágangs og þökkunar. Áfram verður unnið að flokkun myndverka í myndasafni Árbæjarsafns, það hreinsað og ljósmyndað. Að sama skapi verður unnið að atvinnunum. Borgarsögusafn er samstarfsaðili Sambands íslenskra sjóminjasafna sem vinnur að samræmdu mati á varðveislugildi fornþáta og –skipa á Íslandi auk skráningar, og er með fulltrúa í stjórn sambandsins.



Skráning, skönnun og rannsóknir á ljósmyndum er viðvarandi verkefni. Í ár verður sérstök áhersla lögð á að skrá filmusafn Sigurhans Vignis.

Rannsóknir á safnkosti eins og afmörkuðum safnheildum munu eiga sér stað, eins flokkun, mat og grisjun út frá samþykkttri grisjunaráætlun Þjóðminjavarðar og safnaráðs. Ætlunin er að rannsaka söðuláklæði sérstaklega auk þess að forverja þau. Rannsókn verður gerð á húsgögnum og smærri gripum í tengslum við sýningu í Hansenhúsi.

Áfram verður unnið að skilum á gripum og gögnum úr Viðeyjarrannsókn til Þjóðminjasafnsins. Stefnt er að því að verkefninu ljúki fyrir árið 2020. Fornleifarannsókn á bæjarhól Árbæjar verður haldið áfram. Fengist hefur styrkur í uppgröftinn úr fornminjasjóði. Árið 2016 kom í ljós að eldri byggð er að finna á bæjarstæðinu en talið var, eða frá 10.-11. öld.

Endurskoðun á fornleifaskrá Reykjavíkur mun eiga sér stað vegna breytinga á Menningarminjalögum frá 2013, en komnar eru nýjar viðmiðanir frá Minjastofnun Íslands um skráningu og staðla. Hafist verður handa við flutning gagna úr fornleifaskrá Sarps í borgarvefsjá og til Minjastofnunar. Gerðar verða uppmælingar á minjastöðum með GPS tæki á öllum fornleifum í Reykjavík og Kjalarnesi en um 3000 minjastaðir eru skráðir og verður sú skráning yfirfarin og endurskoðuð.

Föst verkefni eins og vinna vegna hverfisskipulags eru á sínum stað, en þar má nefna skráningu og rannsóknir á fornleifum og byggð í borgarhluta 1 – Vesturbæ, byggðakönnun fyrir borgarhluta 8 – Grafarvog og byggðakönnun fyrir borgarhluta 10 – Kjalarnes. Húsakannanir og fornleifaskráning verða unnar á árinu vegna vinnu við gerð deiliskipulags í byggðum hverfum eins og til dæmis Vellir Kjalarnesi, Köllunarklettur Þ47 og Gufunes, þá bæði fornleifaskrá og húsakönnun. Að venju eru líka gerðar umsagnir um hús og skipulagsmál, unnar að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs. Aðlaga þarf verklag og skráningu fornleifa og húsa og gerð húsakannana að nýjum skráningarstaðli Minjastofnunar Íslands.

Í samstarfi við verkfræðistofuna Eflu sem hefur gert rannsókn á myglu í fjórum safnhúsum Árbæjarsafns, verður unnið að því að ná niður magni gróa þannig að húsin uppfylli kröfur sem gerðar eru um varðveislu slíkra safngripa. Því verður unnið að úrbótum í húsunum samkvæmt leiðbeiningum.

Endurgerð Hansenhús á Árbæjarsafni mun ljúka á árinu, endurgerð Ívarssels heldur áfram, auk viðhalds annarra safnhúsa samkvæmt áætlun.

Húsverndarstofa í Kjóthúsi á Árbæjarsafni verður starfrækt sem fyrr, í samstarfi við Minjastofnun Íslands og Iðunnar fræðaseturs, en þar er í boði ókeypis ráðgjöf um viðgerðir og viðhald eldri húsa á miðvikudögum frá 1. febrúar til 30. nóvember.

Stofnuð hafa verið Hollvinasamtök í kringum dráttarbátinn Magna sem er í eigu Borgarsögusafns og markmiðið er að koma bátinum í upprunalegt horf á næstu 5 árum.

Í lífsins ólgu sjó – safnfræðsla, viðburðir og sýningar

Borgarsögusafn er óformlegur námsvettvangur sem hægt er að nýta á margbreytilegan máta í vettvangsferðum hópa. Fræðsluteymi Borgarsögusafns býður upp á vandaða safnfræðslu fyrir nemendur á öllum skólastigum. Einnig er tekið á móti hópum í frístundastarfi og ýmiskonar sérhópum á öllum aldri – frá 5 til 95 ára. Unnið er eftir fræðslustefnu þar sem þátttaka, sköpun og aðgengi fyrir alla er haft að leiðarljósi. Starfið er í sífældri þróun og vill fræðsluteymið beita fjölbreyttum kennsluáðferðum í virku samtali við safngesti og samfélag. Gefinn er út bæklingur með fræðslutillboðum safnsins sem miðast við hvert skólaár til að vera í virku samtali við formlega skólakerfið. Hann er sendur út á öll skólastig að hausti og fylgt eftir með raf-rænum fréttabréfum. Borgarsögusafn hvetur skóla eindregið að nýta safnheimsóknir sem hluti af námi allt árið um kring. Þannig skapast margbreytileg tækifæri til að læra á virkan og skapandi hátt. Safnfræðsla fyrir skóla- og frístundahópa á öllum aldri er án endurgjalds.



Safnið býður upp á 36 fræðslutillboð fyrir yngri nemendur og frístund ásamt 18 heimsóknarmöguleika fyrir eldri nemendur.

Í sýningar- og viðburðastarfi verður viðhaldið þeirri fjölbreyttu og spennandi dagskrá sem í boði hefur verið fyrir börn og fjölskyldur – jafnt innlendar sem erlendar – á öllum starfsstöðvum safnsins. Líkt og áður hefur komið fram er vinna við nýja grunnsýningu Sjóminjasafnsins stærsta sýningarverkefnið Borgarsögusafns og verður allt kapp lagt á að setja sýninguna upp fyrstu sex mánuði ársins og opna með pompi og prakt á vor-mánuðum.

Ljósmyndahátíð Íslands (áður Ljósmyndadagar) var sett á laggirnar árið 2012 af Ljósmyndasafni Reykjavíkur og FÍSL-Félagi íslenskra samtímaljósmyndara. Síðan þá hefur hún verið haldin annað hvert ár og verður nú haldin í fjórða sinn, dagana 18-21. janúar 2018. Hugmyndin að baki hátíðinni er að efla tengsl íslenskrar ljósmyndunar við alþjóðlegan ljósmyndaheim og að kynna ljósmyndina sem listform.

Dagskrá Ljósmyndahátíðar Íslands 2018 samanstendur af fjölbreyttri dagskrá; sýningum, ljósmyndarýni, fyrirlestrum og kynningu á ljósmyndaðókum. Ljósmynda-



rýnin, sem grunnstoð hátíðarinnar, er skipulögð af safninu. Hún gefur upprennandi listamönnum og ljósmyndurum tækifæri til að kynna verk sín fyrir erlendu fagfólki í greininni og heyra álit þeirra á verkum sínum. Um leið er hún kynning á íslenskri ljósmyndamenningu. Erlendir sérfræðingar sem vinna að ljósmyndarýninni eru: Elizabeth Avedon, Bandaríkjunum, Beate Cegelska, Danmörk, Jenny Nordquist, Svíþjóð, Jens Friis, Danmörk, Maya Byskov, Þýskaland og Pirkko Siitari, Finnland.

Þá verða þrjár stórar sýningar í Ljósmyndasafninu. Árið hefst með sýningunni This Island Earth en á henni er að finna ný verk eftir fimm samtímaljósmyndara sem búsettir eru hér á landi en í verkum þeirra má sjá hvernig maðurinn sem dvelur í náttúrunni verður hluti af flæði tímans og hvernig hann verður hluti af náttúrunni á sama tíma og hann umbreytir henni. Sumarsýning safnsins er sýning á verkum þýska landslagsljósmyndarans Olaf Otto Becker. Á haustsýning ársins verða myndir hjónanna Herðisar Guðmundsdóttur og Guðbjarts Ásgeirssonar í öndvegi ásamt myndum afkomenda þeirra.

Samhliða þessum sýningum verða sýningar í Kubbi og í Skotinu. Þá verður farið að huga að sýningu úr safnkosti fyrir árið 2019.

Á Árbæjarsafni verður unnið að sýningu í elsta safnhúsinu, Hansenhúsi, en húsið hefur verið endurgert af mikilli natni og nákvæmni eftir ítarlegar rannsóknir á byggingarsögu þess undanfarin ár. Í Sjóminjasafninu verður opnuð sýning í mars í nýuppgerðum Vélasal (áður Bryggjusalur) í samstarfi við Kevin Martin neðan-

sjávarfornleifafræðing um rannsókn hans á skipsflakinu Milkmaid sem forst við Flatey árið 1659.

Á seinni hluta ársins verður unnið að gerð sýningar í skólahúsinu í Viðey um sögu, náttúru og menningu eyjunnar. Einnig er áætlað að setja upp spjaldasýningu um torfbæi í Reykjavík sumarið 2018 í samvinnu við Hjörleif Stefánsson arkitekt.

Viðburðir um helgar verða sem fyrr hluti af sumardagskrá í Árbæjarsafni, Viðey og á Sjóminjasafninu. Í ár eru 30 ár síðan endurbótum á Viðeyjarstofu og kirkju lauk og verður þeirra tímamóta minnst með viðburðahaldi. Borgarsögusafn Reykjavíkur mun taka þátt í fjölda sameiginlegra verkefna á sviðinu, svo sem gönguferðum um Kvosina, Safnanótt, Barnamenningarhátíð og Menningarnótt, eins og undanfarin ár. Þá mun safnið koma að viðburðahaldi í tengslum við 100 ára fullveldisafmæli Íslands, sem og til að minnast spænsku veikinnar sem geisaði í Reykjavík árið 1918.

Sýningar Borgarsögusafns Reykjavíkur 2018	
	Árbæjarsafn
Júní - ágúst	Hansenhús Reykjavík 1850 Fornleifar við Árbæ – miðlun upplýsinga til gesta safnsins
September -desember	Bráðum koma blessuð jólin – jóladagskrá Árbæjarsafns á aðventu
	Ljósmyndasafn Reykjavíkur
Sýningarsalur og Kubbur 20.01-06.05	This Island Earth
12.05-09.09	Olaf Otto Becker
15.09. –jan. '19	Herdís og Guðbjartur
Skotið 07.12.'17-31.01.'18	Thomas Kellner
01.02.-27.03	Katharina Rosboth
05.04.-29.05	Hanna Siv
31.05-16.08	NoName
18.08-29.10	Emilie Dalum
01.11-11.12	Nona Limmen
13.12. – 30.01.2019	Hui Husien
	Sjóminjasafnið í Reykjavík
Mars - desember	Vélasalur - Neðansjávarfornleifafræði
Júní - desember	Ný grunnsýning
	Viðey
Janúar - desember	Unnið að sýningu í Skólahúsi.

Viðburðadagatal Borgarsögusafns Reykjavíkur 2018	
Janúar - maí	Dagskrá á Safnanótt 2. febrúar á Árbæjarsafni, Landnámssýningu og Ljósmyndasafni Dagskrá í febrúar – Vetrarfrí í grunnskólum Reykjavíkur Páskaeggjaleit í Viðey Dagskrá í apríl á Barnamenningarhátíð Safnadagurinn 18. maí
Júní - ágúst	Opnun nýrrar grunnsýningar Sjóminjasafns Reykjavíkur Hátíð hafsins á Sjóminjasafninu í júní Sumardagskrá Árbæjarsafns júní, júlí, ágúst Sumardagskrá Viðeyjar júní, júlí, ágúst Kvöldgöngur menningarstofnana júní, júlí, ágúst Jónsmessuganga í Elliðaádal Sumarsólstöðuganga í Viðey Örnámskeið á Árbæjarsafni 30 ára afmæli í Viðey á Menningarnótt Dagskrá á Menningarnótt á Sjóminjasafni, Landnámssýningu, Ljósmyndasafni og í Viðey
September -desember	Tendrun Friðarsúlu í Viðey Dagskrá í október – Haustfrí í grunnskólum Reykjavíkur Bráðum koma blessuð jólin – jóladagskrá Árbæjarsafns á aðventu Jóladagskrá í Viðey 100 ára fullveldiskaffi á Árbæjarsafni Spænska veikin
Allt árið	Listamanna/höfundaspjall á Ljósmyndasafni



Safnfræðsla Borgarsögusafns Reykjavíkur 2018

<p>LEIKSKÓLAR: 1 rútutilboð 9 fræðslutilboð</p>	<p>Árbæjarsafn: Komdu að leika! – 4-6 ára / Senn koma jólin (frá 27. nóv. til 22. des.) – elsti árgangur rútutilboð / Að þreyja þorrann (frá 19. jan. til 19. feb.) – elsti árgangur. Landnáms-sýningin: Komdu og skoðuðu landnámsdýrin! – elsti árgangur. Ljósmyndasafn: Hvað er sýning? – elsti árgangur. Sjóminjasafnið: Skipið sem sökk! – elsti árgangur (frá febrúar) Alvöru varðskip! – elsti árgangur / Ný grunnsýning– elsti árgangur (frá júní). Viðey: tillögur að heimsóknum elsti árgangur.</p>
<p>GRUNNSKÓLAR: 3 rútutilboð 1 vinnubók 18 fræðslutilboð</p> <p>Frístundastarf: 9 fræðslutilboð</p>	<p>Árbæjarsafn: Verk að vinna – 3.-4.bekkur / Neyzluhættir – rútutilboð – 7.-10.bekkur / Konur og hjáverkin – rútutilboð – 8.-10.bekkur / Aðfangadagskvöld 1959 – 5.-7.bekkur (frá 27. nóv. til 22. des.) – rútutilboð / Að þreyja þorrann (frá 19. jan. til 19. feb.) – 1.-2.bekkur. Land-námssýningin: Lífið á landnámsöld – 1.-3.bekkur / Siglum til Íslands – 4.-6.bekkur / Hvaðan komu Íslendingar? – 8.-10.bekkur / Sagan grafin upp – 5.-7.bekkur– vinnubók. Ljósmynda-safn: Fortíð og ljósmyndir í fókus – 8.-10.bekkur / Ljósmyndir af íslenskri náttúru – allur aldur / Olaf Otto Becker – 8.-10.bekkur / Haustsýning – allur aldur. Sjóminjasafnið: Ný grunnsýning – 2.-3.bekkur og 7.-10.bekkur / Átök um þorskin: hlutverkaleikur– 4.-6.bekkur – rútutilboð. Viðey: tillögur að heimsókn</p> <p>Árbæjarsafn: Útileikir : Litir og form – 5-9 ára / Föturnar hans Friðriks 1.-7. bekkur / Lífið án farsíma 5.-7. bekkur. Landnámssýningin: Leikir í Kvosinni – 6-9 ára. Ljósmyndasafn: Orð og mynd – allur aldur. Sjóminjasafnið: Vermannaleikir / Bátar, skútur og skip / Varðskipið Óðinn. Viðey: Eflandi hópleikir, rannsóknaleiðangrar– allur aldur (á eigin vegum).</p>
<p>FRAMHALDS- OG HÁSKÓLAR 18 heimsókna- möguleikar</p>	<p>Árbæjarsafn: Konur og hjáverkin – verkefni tengt hugmyndum um kynjahlutverk / LÍKN – fjölnota fræðsluhús fyrir námskeið og nemendasýningar / Leiðsögn um valin hús / Heimsókn á eigin vegum. Landnámssýningin: Leiðsögn um sýningu safnsins / Heimsókn á eigin vegum. Ljósmyndasafn: Geta minningar verið falskar? – verkefni tengt sýningunni / Ljósmyndir af íslenskri náttúru (jan.- maí 2018) / Leiðsögn um sýningar safnsins / Kynning á starfsemi safnsins / Heimsókn á eigin vegum. Sjóminjasafnið: Ný grunnsýning– allur aldur (frá júní) Óðinn – allur aldur / Heimsókn á eigin vegum á nýja grunnsýningu eða Óðinn. Viðey: tillögur að heimsóknum: Vettvangsferð á eigin vegum með eða án leiðsagnar frá starfsmanni Viðeyjar eða fræðsluteymi safnsins</p>
<p>Allt árið</p>	<p>Fastar leiðsagnir alla daga í Árbæjarsafni kl. 13 og 15, á Landnámssýningu kl. 11 (á sumrin), í Sjóminjasafni kl. 13, 14 og 15 (lokað í janúar 2018). Húsværndarstofa – ráðgjöf um endurbætur á eldri húsum á miðvikudögum kl. 15–17 í Árbæjarsafni í febrúar–nóvember.</p>



Lykiltölur Borgarsögusafn Reykjavíkur	Rauntölur 2015	Rauntölur 2016	Útkomuspá 2017	Markmið 2018
Gestafjöldi - heildartala	216.676	245.908	218.000	233.300
- Árbæjarsafn	40.300	47.543	48.000	53.300
- Landnámssýning	61.841	76.376	74.000	76.000
- Ljósmyndasafn	44.613	51.140	25.000	26.000
- Viðey	25.638	27.562	27.000	28.000
- Sjóminjasafn	44.284	43.287	44.000	50.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	21.635	18.548	18.800	18.700
Fjöldi viðburða	93	86	67	67
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	17	15	10	8
Fjöldi innlita á heimasíðu	179.472	137.913	150.000	160.000
Fjöldi bygginga í umsjón/rekstri safnsins	51	50	50	50
Fjöldi útgáfuverka	3	5	10	6
Fjöldi afgreiddra mynda	1.168	1.755	2.100	2.100
Fjöldi skráðra fornleifa í Reykjavík	3.022	3.192	3.290	3.380
Fjöldi skráðra safngripa í Sarp	27.353	28.720	29.900	31.000
Fjöldi skráðra ljósmynda	1.350.000	1.450.000	1.520.000	1.600.000
Fjöldi skráðra húsa í húsaskrá	6.821	7.300	7.400	7.430





HÖFUÐBORGARSTOFA



Hlutverk

Höfuðborgarstofa ber ábyrgð á heildarkynningu Reykjavíkur á sviði ferðamála innanlands og utan. Stofan vinnur stöðugt og markvisst að því að skilgreina sóknarfæri og styrkleika Reykjavíkur á sviði ferðamála, m.a. með því að samþætta nýsköpun, vörubrúun, markaðssetningu og stjórnun ferðamála. Vöxtur í ferðaþjónustu heldur áfram á árinu 2018 og verður aukin áhersla lögð á að takast á við áskoranir sem fylgja því með víðtæku samráði og fjölbreyttum aðferðum.

Höfuðborgarstofa hefur frumkvæði að því að skilgreina samstarfsfleti á sviði ferðamála milli stofnana Reykjavíkurborgar, stjórnvalda, sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, markaðsstofa um allt land, aðila í ferðaþjónustu, íbúa og annarra hagsmunaaðila. Markmiðið er að samhæfa aðgerðir, útfæra leiðir í samvinnu, efla upplýsingaveitu til íbúa og ferðamanna, styrkja og þróa innviði í borginni og auka nýsköpun á sviði ferðamála í Reykjavík.

Stofan leiðir einnig samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um markaðssetningu á svæðinu gagnvart erlendum ferðamönnum undir sameiginlegu vörumerki, Reykjavík loves/Reykjavík elskar.

Í samstarfi við Ferðamálastofu og Stjórnstöð ferðamála leiðir Höfuðborgarstofa vinnu að gerð og framkvæmd áfangastaðaáætlunar fyrir höfuðborgarsvæðið. Um er að ræða heildstætt ferli þar sem litið er til skipulags og samhæfingar í þróun og stýringar þátta sem geta haft áhrif á upplifun og ánægju íbúa og ferðamanna á höfuðborgarsvæðinu, þar með talið þarfir gesta, heimamanna, fyrirtækja og umhverfis.

Höfuðborgarstofa rekur upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn í Ráðhúsi Reykjavíkur þar sem áhersla er lögð á faglega þjónustu í upplýsingaveitu um ábyrga og örugga ferðahegðun, menningu og afþreyingu í Reykjavík og sölu og bókun. Upplýsingamiðstöð ferðamanna er eina opinbera upplýsingamiðstöðin á höfuðborgarsvæðinu og þjónustar bæði höfuðborgina og landið allt.

Fjármál 2018

FRUMVARP 2018 (í þús. kr.)

Tekjur

Rekstrartekjur 59.514

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 104.035

Innri leiga 7.307

Annar rekstrarkostnaður 62.200

Rekstrarniðurstaða


114.028

Starfsmannafjöldi 2017

Heildarfjöldi starfsmanna 14


Fjöldi stöðugilda 10,0

Skipting tekna



- Ýmsar markaðstekjur
- Gestakort
- Veltutengd þóknun
- Aðstöðuleiga
- Ríkissjóður
- Leiga á stöndum

Skipting gjalda



- Launakostnaður
- Annar kostnaður
- Samstarfsverkefni
- Innri leiga
- Félagsgjöld
- Rannsóknir og kannanir
- Gestakort

Leiðarljós

Leiðarljós Höfuðborgarstofu er að Reykjavík sé eftirsóttur áfangastaður allt árið um kring. Höfuðborgarsvæðið er kynnt á öflugan hátt þannig að ferðamenn fái notið þeirrar menningar, afþreyingar og þjónustu sem er í boði á svæðinu í heild. Í því samhengi er sérstaða borgarinnar dregin fram, þ.e. sem hreinnar, vingjarnlegrar, öruggrar og nútímalegrar menningar- og heilsu-borgar í nábýli við einstæða náttúru.

Ferðaðþjónustan kemur inn á flest svið samfélagsins og því er afar mikilvægt að eiga samráð og samtal við íbúa, ferðaðþjónustuna, stofnanir, fyrirtæki og aðra sem koma að ferðamálum hér á landi.

Meginmarkmið

- Styrkja stöðu Reykjavíkur sem höfuðborgar landsins í alþjóðlegri samkeppni á sviði ferðamála.
- Gera Reykjavík að eftirsóttum áfangastað fyrir ferðamenn allt árið um kring til hagsbóta fyrir íbúa, atvinnulíf og gesti höfuðborgarinnar.
- Stuðla að því að gestir Reykjavíkur fái framúrskarandi móttökur, góða þjónustu og jákvæða upplifun.
- Rækta hlutverk Reykjavíkur sem höfuðborgar gagnvart landinu öllu, m.a. með traustri miðlun upplýsinga um Ísland til ferðamanna.
- Stuðla að aukinni fagmennsku og gæðum í upplýsingamiðlun til ferðamanna um Reykjavík og Ísland.
- Auka vægi ráðstefnuhalds og menningar í ferðamennsku í Reykjavík.
- Virkja stjórnsýslu, stofnanir og fyrirtæki borgarinnar og aðra hagsmunaaðila til samstarfs um eflingu Reykjavíkur sem áfangastaðar.
- Efla langtíma samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu á vettvangi viðburða og ferðaðþjónustu og auka þannig samlegð og styrk svæðisins í alþjóðlegri samkeppni.
- Skilgreina ákveðin markaðssvæði á höfuðborgarsvæðinu og markaðssetja með það að leiðarljósi að efla áfangastaðinn, fjölga gistinguðttum, auka arðsemi ferðaðþjónustunnar og dreifa álagi.

HELSTU VERKEFNI 2018

Áhersla verður lögð á að tryggja að áfangastaðurinn Reykjavík einkennist áfram af gæðum, gestrisni og einstakri upplifun. Höfuðborgarstofa mun leggja áherslu á samstarf og samráð í ferðaðþjónustu og styðja við vörubróun í afþreyingu til að laða að ferðamenn sem hafa áhuga á borgarferðum allt árið um kring. Stofan mun áfram vinna náið með skrifstofu ferðamála hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Stjórnstöð ferðamála, Ferðamálastofu, Íslandsstofu, sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og skrifstofum og stofnunum Reykjavíkurborgar og öðrum hagsmunaaðilum að farsælli þróun ferðaðþjónustu í Reykjavík og á landinu öllu.

Ferðamálastefna

Á árinu 2018 verður unnið að gerð nýrrar ferðamálastefnu fyrir Reykjavíkurborg. Þar til ný stefna lítur dagsins ljós verður áfram unnið eftir grunnstöðunum fjórum í ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar, að borgin sé vetrarborg, menningarborg, heilsborg og ráðstefnuborg. Þá verður áhersla lögð á að fylgja eftir nýlegri aðgerðaáætlun sem styður við stefnuna.

Áfangastaðaáætlun

DMP- Áfangastaðaáætlun fyrir höfuðborgarsvæðið (Destination Management Plan) verður eitt af lykilverkefnum Höfuðborgarstofu á árinu 2018. Áfangastaðaráætlunin, sem unnin er fyrir hönd Ferðamálastofu, hefur það að markmiði að taka saman helstu aðgerðir er snúa að uppbyggingu innviða, stýringu og þróun ferðaðþjónustu á höfuðborgarsvæðinu til næstu fimm ára með skilgreindum markmiðum og víðtæku samráði hagaðila. Áætlunin miðar að því að upplifun af svæðinu standist væntingar ferðamannsins í sátt við íbúa, umhverfi og atvinnurekstur.

Evrópsk ferðamálastefna í Reykjavík

Höfuðborgarstofa hélt utan um tilboð í vörðstefnu European Cities Marketing sem eru samtök visit-skrifstofa, ráðstefnuskrifstofa og ferðamálastofa stærstu borga í Evrópu. Samtökin munu í samstarfi við Höfuðborgarstofu, CP Reykjavík og Meet in Reykjavík halda





ráðstefnuna í Reykjavík í febrúar þar sem kastljósinu verður beint að áfangastaðaáætlunum undir yfirskriftinni „Hack the City!“. Verður það mikill akkur fyrir ferðaþjónustuna að fá lykilstjórnendur á sviði ferðamála í Evrópu til borgarinnar.

Ársskýrsla,greiningar og töluleg gögn

Haustið 2017 fól borgarráð og borgarstjóri Höfuðborgarstofu að gefa árlega út tölfræðilegt yfirlit yfir stöðu ferðaþjónustu í Reykjavík. Skýrslan tekur saman helstu tölur um ferðamál í borginni og á höfuðborgarsvæðinu. s.s. gistináttatölur og aðgangstölur í ýmsar stofnanir borgarinnar, og er ætlað að gefa mynd af stöðu ferðamála á svæðinu. Markvisst verður unnið að miðlun þessara upplýsinga til almennings, ferðaþjónustuaðila, stjórnsýslunnar, rekstraraðila, fjölmiðla og annarra hagsmunaaðila. Þá verða greiningar á tölulegum gögnum nýttar til stefnumarkandi ákvarðanatöku um uppbyggingu, þróun og markaðssetningu á áfangastaðnum Reykjavík.

Rannsóknir

Höfuðborgarstofa kannar árlega viðhorf íbúa allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til ferðamanna og áhrifa ferðaþjónustunnar á samfélagið og þeirra nærumhverfi. Markmiðið með könnuninni er að meta þölmörk íbúa sem geta þróast yfir tíma og með auknum fjölda ferðamanna. Frá árinu 2004 hefur stofan framkvæmt könnun meðal ferðamanna í Leifsstöð árið um kring til að meta viðhorf þeirra til áfangastaðarins Reykjavíkur. Þá er árlega gerð könnun meðal íbúa í Bandaríkjunum og Kanada í samstarfi við Iceland Naturally til að meta viðhorf til Reykjavíkur sem áfangastaðar sem kynnt er

með víðtækum hætti. Höfuðborgarstofa fékk á árinu 2017 einnig styrk frá Ferðamálastofu til úthlutunar vegna rannsóknar á Airbnb-markaðnum í Reykjavík og mun í samstarfi við rannsóknaraðila kynna niðurstöður hennar á árinu 2018. Þá verður áfram unnið með Rannsóknarsetri ferðaþjónustunnar að könnun á ferðavenjum ferðamanna.

Endurskoðun upplýsingaveitu

Áfram verður unnið að endurskoðun upplýsingaveitu til ferðamanna á höfuðborgarsvæðinu og um land allt en verkefnið er unnið fyrir Ferðamálastofu. Sú mikla þróun sem átt hefur sér stað í ferðaþjónustu kallar á skipulagða uppbyggingu innviða, samþættari vinnubrögð hins opinbera og áherslu á gæði og fagmennsku þar sem öryggi ferðamanna og sjálfbær þróun eru í fyrirrúmi. Nýtt og endurbætt kerfi opinberrar upplýsingaveitu er ætlað að líta dagsins ljós í byrjun árs 2019 en markviss og fagleg upplýsingagjöf í upplýsingamiðstöðvum og starfrænum miðlum er ætlað að tryggja öryggi ferðamanna og stýra betur straumi þeirra milli og innan einstakra svæða.

Vörumerkið Reykjavík loves / Reykjavík elskar

Markaðsherferð Höfuðborgarstofu undir vörumerknu Reykjavík loves hefur gengið vel og verður áfram lögð áhersla að nota vörumerkið í markaðssetningu gagnvart erlendum ferðamönnum. Vörumerkið verður jafnframt notað í auknum mæli gagnvart Íslendingum og þá á íslensku, Reykjavík elskar íbúa. Áhersla verður áfram á að efla markaðssamstarf Höfuðborgarstofu og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu undir merkjum Reykjavík loves

(RI) og að því að styrkja vörumerkið og auka sýnileika þess. Einnig verður unnið að mörkun vörumerkisins í samstarfi við stofnanir Reykjavíkurborgar, viðburðahaldara, ferðapjónustu- og rekstraraðila í borginni.

Útgáfa

Áhersla verður áfram á útgáfu myndefnis og bæklinga undir áður nefndu vörumerki. Þar undir fellur áframhaldandi þróun á þemabæklingum þar sem afþreying og menning á höfuðborgarsvæðinu er gerð aðgengileg ferðamönnum og áfangastaðabæklingur. Þá verða fleiri myndbönd gerð á árinu 2018 til að kynna þjónustu og afþreyingu. Áfram verður lögð áhersla á þróun varnings undir merkjum Reykjavík loves sem m.a. verður seldur í Upplýsingamiðstöð ferðamanna. Höfuðborgarstofa leggur enn fremur áherslu á samstarf í markaðsmálum við þær stofnanir Reykjavíkur sem bjóða upp á þjónustu við ferðamenn. Þannig verður áfram auglýst sameiginlega með menningarstofnunum og sundlaugum borgarinnar undir merkjum Reykjavík loves. Þá verður lögð vinna í að merkja þær stofnanir sem það kjósa með fánum vörumerkisins.

Vefur og samfélagsmiðlar

Opinber ferðavefur Reykjavíkurborgar www.visitreykjavik.is verður áfram í þróun árið 2018, en sjónum verður bæði beint að tæknilegum hluta hans jafnt sem efni síðunnar. Vefurinn er nú þegar orðinn einn sá mest sótt á landinu og verður lögð áhersla á að fá enn fleiri innlit á síðuna, s.s. í gegnum samfélagsmiðla og leitarvélbestun. Átak verður gert efnisinnsetningu



fyrir vefinn til að mæta síbreytilegum áhuga og kröfum ferðamanna. Stöðugur vöxtur er í fylgjendum á samfélagsmiðlum Höfuðborgarstofu og verður kappkostað við að halda þeim vexti á nýju ári. Samfélagsmiðlarnir eru í auknu mæli að verða eitt mikilvægasta markaðstæki borgarinnar og mun Höfuðborgarstofa áfram framleiða vingjarnlegt og spennandi myndefni fyrir þessa miðla.



Gestakort Reykjavíkur

Gestakort Reykjavíkur hefur verið í mikilli sókn á síðustu misserum. Haldið verður áfram með undirbúning á rafrænni lausn fyrir Gestakortið með útboði á Evrópska efnahagssvæðinu en stefnt er að því að innleiðingunni verði að fullu lokið í lok árs 2018. Til viðbótar verður viðskipta- og rekstrarmódel kortsins endurskoðað með það að leiðarljósi að styrkja tekjuöflun, þjónustu, markaðssetningu og stýringu. Í gerð markaðsáætlunar verður lögð áhersla á að efla samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og aðra afþreyingaraðila í Reykjavík sem og að setja fram vöru sem höfðar til stærri og fjölbreyttari markhóps.

Almannatengsl

Blaðamannaheimsóknir verða unnar í nánu samstarfi við Íslandsstofu, Iceland Naturally, Meet in Reykjavík og almannatengslaskrifstofur erlendis. Jafnframt tekur Höfuðborgarstofa á móti fjölda fyrirspurna frá erlendum blaðamönnum sem hafa samband að eigin frumkvæði varðandi samstarf. Eingöngu er miðað við að farið sé í samstarf við blaðamenn frá löndum eða svæðum sem bjóða upp á beint flug til landsins. Til viðbótar mun Höfuðborgarstofa áfram taka á móti heimsóknum erlendra sendinefnda sem vilja kynna sér áfangastaðinn Reykjavík.

B-2-B samskipti

Höfuðborgarstofa mun taka þátt í sýningum og kaupstefnum innanlands, s.s. Mid-Atlantic og VestNorden með það að markmiði að kynna áfangastaðinn Reykjavík fyrir ferðaheildsölum. Einnig verður lögð áhersla á að kynna Reykjavík á vinnustofum í Bandaríkjunum, Evrópu og Skandinavíu í gegnum samstarf við Íslandsstofu og Meet in Reykjavík. Til viðbótar mun Höfuðborgarstofa vinna áfram með Film in Iceland að því að kynna Reykjavík sem tókustað, bæði út frá viðskipta- og kynningarsjónarmiði.

Upplýsingamiðstöð ferðamanna—UMFR

Upplýsingamiðstöð ferðamanna (UMFR) er fjölsóttasta upplýsingamiðstöð landsins með gestafjölda upp á 558 þúsund árið 2017. Höfuðborgarstofa heldur utan um

rekstur miðstöðvarinnar sem auk þess er fjármögnuð með framlagi frá Ferðamálastofu og sjálfsaflafé.

Starfsemi UMFR er skráningarskyld samkvæmt lögum um skipan ferðamála nr. 73/2005 auk þess sem ríkisframlag til rekstursins er háð gæða- og umhverfsvottun Vakans.

UMFR veitir faglegar og hlutlausar upplýsingar en sérstök áhersla er lögð á Reykjavík og höfuðborgarsvæðið undir merkjum Reykjavík loves. Í UMFR má einnig finna víðtækar upplýsingar um náttúru á einstökum svæðum á landinu og um ferðir, gistingu, bíla-leigu og samgöngur. Ný áhersla í kynningu í miðstöðinni, er á menningu, listir og borgarlíf/sveitalíf, en haldið verður markvisst áfram að byggja upp þennan þátt í samstarfi við aðila í menningarlífinu í borginni og markaðsstofur landshlutanna. Stefnt er að því að koma upp miðlægri miðasölu á menningarviðburði.

Áfram verður unnið að miðlun öryggisupplýsinga í gegnum samstarf við Safe Travel sem rekur framlínuþjónustu í UMFR og þjónar einnig landsbyggðina í gegnum SKYPE. Þar til viðbótar verður haldið áfram að byggja upp samstarf við bókunar- og söluaðilann Guide to Iceland sem valinn var samstarfsaðili á árinu 2017 að undangengnu útboði.

Upplýsingamiðstöðin flutti í byrjun árs 2017 í Ráðhús Reykjavíkur en fyrst um sinn var þjónusturými hennar

sett upp til bráðabirgða með gömlum innréttingum. Til stendur að nýtt margmiðlunarrými verði tekið í notkun á árinu 2018 í takt við nýja Þjónustustefnu Reykjavíkurborgar. Í notendamiðaðri og snjallvæddri miðstöð verður lögð áhersla á samspil upplýsinga, upplifunar og sjálfsafgreiðslu samhliða hefðbundinni þjónustu.

Tekjuöflun

Áfram verður unnið að því að efla rekstrargrundvöll Höfuðborgarstofu með kostnaðarþátttöku ytri hagaðila í einstökum verkefnum sem stofan vinnur að. Leitað verður leiða til að afla tekna í gegnum útgáfu og annað markaðsefni og áfram að afla aukinna tekna í gegnum Upplýsingamiðstöð ferðamanna. Sala á Gestakorti Reykjavíkur hefur gengið vel og með rafrænni lausn á gestakortinu skapast tækifæri til áframhaldandi vaxtar í sölu og þróun kortsins sem mun skapa tekjur fyrir stofnunina. Þá verður nýtt markaðstorg á vefnum, visitreykjavik.is, þar sem hægt er að bóka skipulagðar ferðir, afþreyingu, hótél og bílaleigubíla, eftt með það að markmiði að afla aukinna tekna í gegnum vefinn.





Lykiltölur Höfuðborgarstofa	Rauntölur 2015	Rauntölur 2016	Útkomuspá 2017	Markmið 2018
Gestafjöldi á Upplýsingamiðstöð	370.930	474.634	480.000	500.000
Sala á gestakorti (fjöldi korta)	12.506	18.147	20.000	24.000
Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi	1.299.796	1.767.726	2.200.000	2.500.000
Fjöldi heimsóknna á vefsvæði www.visitreykjavik.is	873.655	1.403.842	1.500.000	1.700.000
Kynningarfundir um Reykjavík sem áfangastað	35	39	28	28
Fjöldi hópa sem fá kynningu á HBST	12	32	26	26
Fjöldi samráðsfunda með ferðaþjónustutengdum aðilum				300





LISTASAFN REYKJAVÍKUR



Hlutverk

Listasafn Reykjavíkur varðveitir listaverkæign Reykjavíkurborgar. Hún samanstendur af sérsöfnum listaverka eftir Ásmund Sveinsson, Erró og Jóhannes S. Kjarval auk listaverka sem endurspeglar strauma og stefnur í íslenskri myndlist einkum frá síðari hluta 20. aldar og til dagsins í dag. Safnið hefur einnig umsjón og eftirlit með myndverkum á almannafæri í eigu borgarinnar. Jafnframt því að varðveita og miðla safneigninni er það hlutverk safnsins að stunda rannsóknir og sinna fræðslu um myndlist, innlenda og erlenda, m.a. með sýningahaldi, útgáfum, fyrirlestrum, leiðsögnum eða með öðrum hætti. Listasafn Reykjavíkur skal þannig stuðla að því að borgarbúum og öðrum gestum safnsins sé gert kleift að fylgjast með því sem hæst ber í myndlist hverju sinni.

Listasafn Reykjavíkur starfar á Kjarvalsstöðum, í Ásmundarsafni og í Hafnarhúsi.

Leiðarljós

Listasafn Reykjavíkur er lifandi og framsækinn vettvangur þar sem tækifæri gefst til að kynnast fjölbreytileika myndlistar í nútíð og fortíð. Öflug miðlun og góð þjónusta skal vera áhugavekjandi umgjörð sköpunarverka listamanna.

Meginmarkmið

- **Öflug miðlun:** Safnið er vettvangur lista sem ekki bregst því hlutverki að ögra og fræða þannig að gestir öðlist dýpri skilning á sögulegu, félagslegu, menningarlegu og listrænu samhengi sköpunarverka listamanna. Leitast er við að tvíanna saman sýningar, rannsóknir, fræðslu, fyrirlestra og aðra viðburði með það að markmiði að vera upplýsandi vettvangur skapandi umræðu sem örvar áhuga á myndlist og hlutverki hennar í samfélaginu auk þess sem veitt er inn-sýn í vinnu listamanna.
- **Góð þjónusta:** Lögð er áhersla á góða þjónustu í viðum skilningi þannig að upplifun gesta af heim-sókn í safnhúsin sé jákvæð bæði hvað varðar samskipti og umhverfi. Leitast er við að taka mið

Fjármál 2018

FRUMVARP 2018 (í þús. kr.)

Tekjur

Rekstrartekjur 126.546

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 221.404

Innri leiga 135.798

Annar rekstrarkostnaður 190.098

Rekstrarniðurstaða



420.754

Starfsmannafjöldi 2017



Heildarfjöldi starfsmanna 41


Fjöldi stöðugilda 24,6

Skipting tekna



Skipting gjalda





af þörfum gesta með markvissri greiningu á ólíkum hópum.

- **Markvisst markaðsstarf:** Skýrt yfirbragð einkenni alla markaðssetningu Listasafns Reykjavíkur þar sem lögð er áhersla á hvern viðkomustað fyrir sig. Í markaðsstarfi safnsins skal hugað að því að styrkja samband þess við einstaklinga, stofnanir og fyrirtæki sem stuðlað geti að framgangi myndlistar og því að safnið nái markmiðum sínum.
- **Gott starfsumhverfi:** Fagmennska og vönduð vinnubrögð einkenni allt starf Listasafns Reykjavíkur þar sem starfsmenn hafa til að bera áráðni, þekkingu og gott starfsumhverfi þannig að þeir geti unnið í takt við stefnuáherslu og framtíðarsýn.

HELSTU VERKEFNI 2018

Listasafn Reykjavíkur er vettvangur söfnunar, rannsóknna og miðlunar á íslenski myndlist. Safnið hefur ríkar samfélagslegar skyldur sem lúta að því að veita aðgang að sögulegum jafnt sem samtímalistaverkum með það að markmiði að auka menningarläsi og vitund um gildi myndlistar.

Að þjóna og upplýsa

Ein af áskorunum ársins 2018 er að stórbæta allar merkingar safnhúsanna utandyra og auka sýnileika þeirra, einkum Kjarvalsstaða og Ásmundarsafns. Áfram verður unnið að því að styrkja ímynd Listasafns Reykjavíkur og notað til þess nýtt útlit safnsins sem fest hefur sig í sessi. Í því skyni að bæta aðgengi að upplýsingum um starfsemi verður gefið út blað ársfjórðungslega. Í því verða bæði greinar um starfsemi safnsins, sýningar og viðburði auk viðtala við listamenn. Áfram verður unnið með samfélagsmiðla og aðrar leiðir til þess að ná til nýrra hópa, sérstaklega ungs fólks. Lögð verður áhersla á að tengja safnið við nýja markhópa og styrkja virðisloforð gagnvart hverjum hópi fyrir sig.

Safnið verður þátttakandi í stefnumótun sem ætlað er að auka sýnileika menningarlífsins í landinu ásamt hagsmunaaðilum í ferðaþjónustu. Ferðamenn eru stór hluti gesta Listasafns Reykjavíkur en það er áskorun fyrir safnið að beina þeim í meira mæli á Kjarvalsstaði og í Ásmundarsafn. Í fyrra fjölgaði Íslendingum í hópi gesta töluvert og góð sala var á árskortum safnsins og menningarkorti. Markmið safnsins er að viðhalda þessari þróun og vera stöðugt vakandi fyrir því að finna nýjar leiðir til þess að tala til eigenda safnsins og vekja áhuga þeirra. Á árinu 2018 verður boðið upp á nýjar tegundir árskorta, ódýrara árskort fyrir ungt fólk (18-28 ára) og árskort þar sem korthafi getur boðið með sér gesti.





Að sýna og miðla

Sýningar ársins 2018 verða fjölbreyttar og bæði hugað að innlendri og erlendri myndlist en megin áhersla verður á yfirgripsmikla sýningu á verkum íslenskra listamanna þar sem sýn þeirra á víðerni landsins verður í brennidepli. Sýningin er tvískipt; á Kjarvalsstöðum verður sögulegur hluti og miðað við að sýna verk allt frá árinu 1918 en í Hafnarhúsi verða verk samtímalistamanna, m.a. verk sérstaklega unnin fyrir sýninguna. Undirbúningur og miðlun felur í sér þverfaglegt samtal og samstarf við aðrar list- og fræðigreinar. Sýningunni verður fylgt úr hlaði með útgáfu sýningarskrár þar sem þróun viðhorfa til víðerna landsins verður reifuð út frá ólíkum sjónarhornum. Sýningin verður hluti af Listahátíð í Reykjavík og innlegg safnsins, og þá um leið Reykjavíkurborgar, til þess að minnast fullveldis Íslands árið 1918. Ein af meginsýningum ársins verður yfirlitsýning á verkum Haraldrar Jónssonar á Kjarvalsstöðum. Sýningin er hluti af sýningaröð þar sem árlega verður kynntur ferill atkvæðamikilla starfandi listamanna og er þessum sýningum fylgt úr hlaði með útgáfu. Útgáfunar með greiningu á viðfangsefnum listamannanna eru liður í rannsóknarstarfi safnsins. Í Ásmundarsafni stendur viðamikil yfirlitsýning á verkum Ásmundar Sveinsonar. Á árinu 2018 verður innrás samtímalistamanna í sýningarrýmið. Fjórir samtímalistamenn munu vinna eigin skúlptúra inn í sýninguna. Unnið verður að því að styrkja stöðu safnsins í nærsamfélaginu og nýta til þess skúlptúrgarðinn sem umlykur safnið.

Á árinu 2018 verða fjölbreyttar leiðsagnir og aðrir viðburðir sem ætlað er að fylgja sýningum úr hlaði og gera þær aðgengilegar fyrir ólíka markhópa. Ráðinn verður safnkennari til þess að bæta þjónustu og styrkja miðlunarhlutverk safnsins gagnvart skólanemendum. Megin viðfangsefni ársins verður að finna leið til að miðla upplýsingum um útilistaverkin sem setja svip á borgina. Hafsjó af upplýsingum um þau er að finna í heimildasafni Listasafns Reykjavíkur. Í þessu verkefni gefst gott tækifæri til að nýta nýjustu tækni samtímans við miðlun og stíga út fyrir veggja safnsins í þekkingarmiðlun.

Að safna og varðveita

Á starfsárinu 2018 verður lögð áhersla á að bæta aðbúnað listaverka og alla umsýslu með safnkostinn og önnur listaverk sem sýnd eru í safninu og á vegum þess. Greining hefur leitt í ljós að auka þarf varðveislurými safnsins þannig að búa megi betur að safnkostinum og tryggja varðveislu hans. Safnið hefur umsjón og eftirlit með myndverkum á almannafæri í eigu borgarinnar. Í kjölfar sérstakrar fjárveitingar borgarráðs verður gert átak í viðgerðum á fjölda útilistaverka jafnframt því að sinna reglubundnu eftirliti og viðhaldi.

Að gera betur

Einn af lykilþáttum starfsáætlunar ársins 2018 er að innleiða verklagsreglur um greiðslur til listamanna fyrir þátttöku í sýningum á vegum safnsins. Stórlega verða auknar allar greiðslur til listamanna í kjölfar þess að borgarráð samþykkti aukin fjárframlög til safnsins í takt við nýjar verklagsreglur svo mæta megi kröfum listamanna um sanngjarnari greiðslur fyrir þátttöku í sýningum og vinnu við eigin sýningar.

Lögð er áhersla á fagmennsku og vönduð vinnubrögð í öllu starfi Listasafns Reykjavíkur. Endurskoðun á söfnunarstefnu verður kynnt og mótaðar verða þjónustu- og rannsóknarstefnur fyrir safnið. Unnið verður í samræmi við áherslur menningar- og ferðamálasviðs að mannauðsmálum með sérstakri áherslu á að starfsmenn fái tækifæri til að auka fagþekkingu sína. Einnig að miðla fagþekkingu sem upp hefur byggst innan safnsins á liðnum árum á stærri vettvangi, innlands og alþjóðlega. Jafnframt verður unnið að því að styrkja starfshópinn með fjölbreyttari fagþekkingu í takt við stefnuáherslu og framtíðarsýn.

Viðburðadagatal Listasafns Reykjavíkur 2018

janúar – maí	<p>Listin talar tungum – Leiðsagnir á ólíkum tungumálum</p> <p>Listleikni—Námskeið fyrir breiðan aldurshóp</p> <p>Fyrirlestraröðin Umræðuþræðir (janúar og febrúar)</p> <p>Listsmiðjur, leiðsagnir, samtöl við listamenn og sýningastjóra.</p> <p>Safnanótt (febrúar)</p> <p>Reykjavík Dance Festival—Vinnustofur fyrir ungt fólk (febrúar mars)</p> <p>Vetrarfrí í grunnskólum Reykjavíkur (febrúar)</p> <p>HönnunarMars (mars)</p> <p>Tendrun Friðarsúlu Yoko Ono (mars)</p> <p>Barnameningarhátíð (apríl)</p> <p>Safnadagurinn (maí)</p> <p>Fjölmeningarhátíð (maí)</p>
júní – ágúst	<p>Listahátíð í Reykjavík</p> <p>Kvöldgöngur menningarstofnana</p> <p>Reykjavík Dance Festival (ágúst)</p> <p>Menningarnótt (ágúst)</p> <p>Sumarnámskeið (4 námskeið fyrir 6-10 ára og 10—12 ára)</p> <p>Leiðsagnir fyrir ferðamenn</p>
September – desember	<p>Tendrun Friðarsúlu Yoko Ono (október)</p> <p>Haustfrí í grunnskólum Reykjavíkur (október)</p> <p>Alþjóðleg ráðstefna um listir, söfn og samfélag (október)</p> <p>Iceland Airwaves (nóvember)</p> <p>Jólaborgin (desember)</p> <p>Listleikni—Námskeið fyrir breiðan aldurshóp</p> <p>Fyrirlestraröðin Umræðuþræðir (september og nóvember)</p> <p>Listsmiðjur, leiðsagnir, samtöl við listamenn og sýningastjóra.</p>

Safnfræðsla Listasafns Reykjavíkur 2018

Fyrir leikskóla	<p>Tekið á móti hópum í öllum safnhúsum virka daga frá kl. 8 til 16. Leiðsögn um sýningar er skólunum að kostnaðarlausu. Leikskólum er sérstaklega bent á að heimsækja Ásmundarsafn, þar sem verkin eru aðgengileg, safnhúsið sjálft spennandi og gott að eiga fyrstu kynni af lista-safni. Í öllum safnhúsum eru smiðjur þar sem aðstaða er til að vinna létt verkefni í tengslum við yfirstandandi sýningar í fylgd safnkennara.</p>
Fyrir grunnskóla Rútuþilboð 4 Verkefni 3	<p>Tekið á móti hópum í öllum safnhúsum virka daga frá kl. 8 til 16. Heimsóknin tekur eina til tvær klukkustundir og er skólunum að kostnaðarlausu. Sýningar safnsins gefa hver með sínum hætti tilefni til vinnu með nemendum um ólík viðfangsefni. Sérstök áhersla er lögð á verkefni um Ásmund Sveinsson, Erró og Kjarval og fá eftirtaldir hópar ókeypis rútuferðir til og frá skóla skv. samningi.</p> <p>4. bekkur – Ásmundarsafn: Listaverk sem segja sögur - Ásmundur Sveinsson Listaverk Ásmundar eru oftast en ekki hlaðin frásögn og vísa gjarnan í Íslendingasögur, þjóð-sögur og goðafræði. Í verkefninu um Ásmund velja nemendur sér eitt verk og rýna í það.</p> <p>6. bekkur – Kjarvalsstaðir: Listin að rannsaka - Jóhannes Sveinsson Kjarval Verkefnið veitir innsýn í ævistarf Kjarvals sem var einn af frumkvöðlum íslenskrar málara-listar. Í verkefninu er skoðað hvernig listamaður setur sig í spor rannsakandans og notar niðurstöður sínar í listrænni útfærslu.</p> <p>7. og 8. bekkur – Hafnarhús: Listin að gera tilraunir - Erró Hvernig fara listamenn að því að víkka út listræn mörk og fá nýjar hugmyndir? Í Hafnarhúsinu er leitast við að sýna nýja og tilraunakennda myndlist þar sem listmiðillinn er í stöðugri endurskoðun.</p>
Fyrir framhaldsskóla	<p>Tekið á móti hópum í öllum safnhúsum virka daga frá kl. 8 til 16. Leiðsögn um sýningarnar er skólunum að kostnaðarlausu. Á hverri sýningu eru ólík efnisök til umfjöllunar en þau eru kynnt í skólabæklingnum frá safninu sem kemur út á haustin.</p>
Fyrir háskóla	<p>Tekið á móti hópum í öllum safnhúsum virka daga frá kl. 8 til 16. Leiðsögn um sýningarnar er skólunum að kostnaðarlausu. Háskólakennarar geta óskað eftir sérstakri umfjöllun um efni á fræðasviði safnsins.</p> <p>Á vegum fræðsludeildar er sérstaklega tekið á móti kennaranemum og nemum í uppeldis- og kennslufræði og þeim kynnt hvernig þeir geta nýtt safnið þegar þeir hefja störf.</p>
Flökkusýningar í kistum Grunnskólar: Yngsta-, mið- og efstastig Námsefni fylgir sýningum	<p>Flökkusýningar til láns í skólann í 2-3 vikur í senn ásamt vönduðum verkefnum og kynningu á mögulegri notkun sýninga og verkefna. Skyggni ágætt – sjálfbærni krefst skapandi hugsunar er sýning sem fjallar um samspil manns og náttúru með ríka áherslu á hugtakið sjálfbærni sem er þýðingarmikill liður í menntun samtímans. Sýningin er fyrir yngsta, mið og efstastig grunnskóla. Hvað er svona fyndið? – Húmor í myndlist dregur saman verk íslenskra listamanna sem með einum eða öðrum hætti nota töframátt húmors í verkum sínum. Fyrir mið- og efstastig grunnskóla.</p> <p>Fræðslupakkarnir eru unnir af kennurum með bakgrunn í myndlist og listfræði og verkefni tengd námsskrám. Hver sýning er í tveimur kistum sem raðast saman í u.þ.b. 10 metra af sýningarrými og rúmar um 8-12 listaverk sem eru öll úr safneign og vel flest eftir íslenska myndlistarmenn.</p>



Sýningar Listasafns Reykjavíkur, Hafnarhús 2018

janúar – maí	Skissa #1: Í hlutarins eðli - skissa að íslenski samtímalistasögu. Sýning á verkum úr safneign Listasafns Reykjavíkur sem bregða upp mynd af íslenski samtímalist.
janúar – mars	D32 Páll Haukur Björnsson. Sýningaröð í D-sal þar sem kynnt eru verk eftir upprennandi listamenn sem eru að stíga sín fyrstu skref í safnaumhverfi. Sýningarstjóri Yean Fee Quay.
febrúar - maí	Dönsk samtímalist 100 ára fullveldisafmæli Íslands fagnað með sýningu á verkum danskra samtímalistamanna.
mars – maí	D 33 Anna Fríða Jónsdóttir. Sýningaröð í D-sal þar sem kynnt eru verk eftir upprennandi listamenn sem eru að stíga sín fyrstu skref í safnaumhverfi. Sýningarstjóri Klara Þórhallsdóttir.
maí – september	Mun þar fegurðin ein ríkja? Yfirgripsmikil sýning á nýjum og nýlegum verkum íslenskra samtímalistamanna þar sem sýn þeirra á víðerni landsins er í brennidepli. Hluti af Listahátíð í Reykjavík.
september – desember	Erró – Svarthvitt Sýning á nýjum og nýlegum verkum eftir listamanninn. Sýningarstjóri Danielle Kvaran.
september – október	D 34 María Dalberg. Sýningaröð í D-sal þar sem kynnt eru verk eftir upprennandi listamenn sem eru að stíga sín fyrstu skref í safnaumhverfi. Sýningarstjóri Edda Halldórsdóttir.
nóvember – desember	Ingólfur Arnarsson. Sýning í A-sal á verkum eins af helstu listamönnum samtímans sem þekktur er fyrir mínímalísk verk.
nóvember – desember	D35 Leifur Ýmir Eyjólfsson Sýningaröð í D-sal þar sem kynnt eru verk eftir upprennandi listamenn sem eru að stíga sín fyrstu skref í safnaumhverfi. Sýningarstjóri Markús Þór Andrésson.



Sýningar Listasafns Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir 2018

janúar – apríl	Líðandin – la durée: Kjarval og framúrstefnan. Sýning á verkum Jóhannesar S. Kjarvals þar sem greina má áhrif framúrstefnu og alþjóðlegra myndlistarstrauma við upphaf 20. aldar. Sýningarstjóri Aldís Arnardóttir.
janúar – apríl	Myrkra verk. Á sýningunni eru verk listamanna sem hafa fengið innblástur úr þjóðsögum og ævintýrum eða skapað sinn eigin huliðsheim. Á meðal listamanna: Kristinn Pétursson, Alfreð Flóki, Sigga Björk Sigurðardóttir, Sigurður Ámundason, Ásta Sigurðardóttir. Sýningarstjóri Markús Þór Andrésson.
maí	Útskriftarsýning Listaháskóla Íslands 2018. Sýnd verk eftir útskriftarnema myndlistar- og hönnunardeilda Listaháskóla Íslands.
júní – október	Mun þar fegurðin ein ríkja? Sögulegur hluti sýningar á verkum íslenskra listamanna þar sem sýn þeirra á víðerni landsins er í brennidepli. Hluti af Listahátíð í Reykjavík.
október – desember	Haraldur Jónsson Yfirlitssýning á verkum mikilsverðs starfandi myndlistarmanns. Sýningin er innlegg í skoðun safnsins á íslenski samtímalistasögu. Sýningarstjóri Markús Þór Andrésson.



Sýningar Listasafns Reykjavíkur, Ásmundarsafn 2018

janúar – desember	Ásmundur Sveinsson – List fyrir fólkið Ferli Ásmundar Sveinssonar eru gerð skil með umfangsmikilli sýningu á lykilverkum úr safneign Listasafns Reykjavíkur.
febrúar – apríl	Innrás samtímalistamanna í sýningarrýmið. Innrás I Guðmundur Thoroddsen. Sýningarstjóri Sigurður Trausti Traustason.
apríl – júní	Innrás samtímalistamanna í sýningarrýmið. Innrás II Hrafnhildur Arnardóttir. Sýningarstjóri Sigurður Trausti Traustason.
september – október	Innrás samtímalistamanna í sýningarrýmið. Innrás III Matthías Rúnar Sigurðsson. Sýningarstjóri Sigurður Trausti Traustason.
nóvember – desember	Innrás samtímalistamanna í sýningarrýmið. Innrás IV Margrét Helga Sesseljudóttir. Sýningarstjóri Sigurður Trausti Traustason.



Lykiltölur Listasafn Reykjavíkur	Rauntölur 2015	Rauntölur 2016	Útkomuspá 2017	Markmið 2018
Gestafjöldi	231.347	240.913	245.000	247.000
- Hafnarhús	144.003	147.175	154.000	156.000
- Kjarvalsstaðir	65.772	71.728	69.000	69.000
- Ásmundarsafn	21.572	22.010	22.000	22.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	13.470	13.620	13.300	13.500
Fjöldi viðburða	139	126	200	200
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	3	5	4	5
Fjöldi heimsókna á vefsvæði	125.923	138.848	150.000	157.000
Útlán listaverka	543	506	502	550
Fjöldi útgáfuverka	14	12	16	12
Fjöldi skráðra listaverka í eigu safnsins	16.939	17.046	17.102	17.152
Fjöldi útilistaverka í umsjón safnsins	181	183	182	182



fo m

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar

Ráðhús Reykjavíkur

Tjarnargötu 11

101 Reykjavík

Sími 411 6020

menning@reykjavik.is

www.reykjavik.is/menningogferdamal